

**skoðun 16**

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Föstudagur









# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

FÖSTUDAGUR


18. júní 2010 — 141. tölublað — 10. árgangur MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI Sími: 512 5000




## Einu Íslendingarnir

*Tveir nýútskrifaðir skrúðgarðyrkjufræðingar unnu fyrstu verðlaun í keppni í Finnlandi.*

**tímamót 20**

## Yrsa arftaki Larssons

*Yrsa Sigurðardóttir var sögð ein af arftökum Stiegs Larsson í grein í NY Times.*

**fólk 38**



## Lið Maradona í gírnum

*Argentínumenn búnir að vinna báða sína leiki á HM.*

**íþróttir 32**

## veðrið í dag




**BJART Á AUSTANVERÐU** landinu. Í dag verða suðlægar áttir, 8-13 m/s suðvestan- og vestanlands en annars hægari. Vestan til verður heldur skýjað og lítils háttar væta, einkum fyrri part dags.

**VEÐUR 4**

# Beðið eftir stjórnvöldum

**Eignaleigufyrirtækin bíða þess nú að stjórnvöld tilkynni hvort þau muni bregðast við dómi Hæstaréttar um gengistryggingu lána og þá hvernig. Málið verður rætt í ríkisstjórn og efnahags- og skattanefnd í dag.**

**EFNAHAGSMÁL** Dómar Hæstaréttar um gengistryggð bílalán verða ræddir á fundi ríkisstjórnarinnar í dag. Fulltrúar Seðlabankans, Fjármálaeftirlitsins og Samtaka fjármálafyrirtækja munu jafnframt mæta á fund efnahags- og skattanefndar til að fara yfir stöðuna sem upp er komin.

Óvissa og uppnám ríkir hjá eignaleigufyrirtækjum, þar sem menn hafa unnið myrkranna á milli frá því að dómarnir féllu án þess þó að vita í raun hvað beri að gera. Þar á bæ bíða menn þess að stjórnvöld tilkynni hvort og þá hvernig þau muni bregðast við niðurstöðunni, enda er mörgum spurningum enn ósvarað um það hvernig gera skuli upp hina ólögmætu samninga.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er ekki líklegt að gripið verði til bráðaaðgerða í formi lagasetningar til aðstoðar fjármálakerfinu enda hafa þau skilaboð fengist að niðurstaðan sé fjarri því að vera rothögg fyrir kerfið, eins og það er orðað, þótt eignaleigufyrirtækin fari eflaust illa út úr málinu.

Fyrirspurnum hefur rignt yfir eignaleigufyrirtækin frá því á miðvikudag og krefjast sumir þess að fyrirtækin greiði þeim tafarlaust til baka það fé sem þeir telja sig eiga inni hjá þeim.

„Menn þurfa sinn tíma til að átta sig á því nákvæmlega hvað dómurinn þýðir og hvernig unnið verði úr honum,“ segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra. Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja, segir málið þurfa að skýrast innan fárra daga.

**- sh / sjá síðu 4**



**HEIMT ÚR HELJU** Vigdís Óskarsdóttir var himinlifandi þegar hún tók við átta mánaða gömlum syni sínum, Óskari Pétri, úr öruggum höndum slökkviliðsmanna. Slökkviliðið þurfti að nota björgunarmaska til að koma henni og öðrum íbúum út. Á annan tug slökkviliðsmanna tók þátt í slökkvistarfi. MYND/STEFÁN LOFTSSON

Eldur í Írabakka:

## Lokaðist inni með ungabarn

**BRUNI** Mildi þykir að ekki fór verr þegar eldur kviknaði í íbúð á neðstu hæð í fjölbýlishúsi við Írabakka í Breiðholti á ellefta tímanum í gær. Nágrannar sáu að kviknað var í íbúðinni og brutust þrír inn til að bjarga eldri manni sem þar býr. Maðurinn lét ekki segjast og vildi bjarga verðmætum úr íbúðinni. „Ég sá bara reyk. Við vorum þrír sem þurftum að taka hann út með valdi,“ segir Jón Birgir Ragnarsson, íbúi í Írabakka.

Þótt eldurinn hafi ekki verið mikill náði hann að teygja sig í plast sem í íbúðinni var. Fyrir vikið fylltist íbúðin og stigagangur fjölbýlishússins af svörtum reyk. Sex íbúar á efri hæðum lokuðust því inni.

„Ég er bara í sjokki. Það var fullt af reyk og ég vissi ekki hvað ég átti að gera,“ segir Vigdís Óskarsdóttir, sem býr á efstu hæðinni í húsinu. Vigdís lokaðist inni ásamt ungu barni sínu.

Eldurinn kviknaði út frá feiti í potti. Flytja þurfti manninn sem býr í íbúðinni á slysadeild vegna gruns um reykeitrun. **- sv, kh**






Össur Skarphéðinsson fagnar niðurstöðu leiðtogaráðs Evrópusambandsins:

# Aðild styrkir fullveldi Íslands

**EVRÓPUSAMBANDIÐ** „Ég fagna þessari niðurstöðu og er mjög ánægður með hana,“ sagði Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra í gær, þegar ljóst var orðið að Evrópusambandið mun hefja aðildarviðræður við Ísland.

„Þetta eru kaflaskipti og mjög mikilvægur áfangi fyrir okkur Íslendinga að geta nú hafið samningaviðræður. Ég tel að þær muni um síðir leiða til þess að Íslendingar gangi í Evrópusambandið, en það verður ákvörðun þjóðarinnar.“

Steingrímur J. Sigfússon, fjármálaráðherra og formaður Vinstri-grænna, segir niðurstöðuna í Brussel ekki eiga að koma neinum á óvart. Þótt flokkur hans sé sem fyrr andvígur aðild þá hafi það orðið niðurstaðan að láta á það reyna í viðræðum: „Síðan er það þjóðarinnar að taka ákvörðun. Ég reikna með að flestir séu sáttir við það.“

Varðandi lítt dulda skírskotun í ályktun ráðsins um að Íslendingar þurfi að takast á við skuldbindingar sínar í Icesave-málinu segir Össur að það þurfi ekkert að segja okkur Íslendingum að standa við skuldbindingar okkar: „Forystumenn allra flokka og forseti Íslands hafa lýst því yfir, í kjölfar synjunar á Icesave-samningnum í þjóðaratkvæðagreiðslu, að Íslendingar muni ekki hlaupast undan skuldbindingum sínum. Hjá mörgum er hins vegar vafi um hverjar þær eru.“ **- gb**



**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON** Segir þjóðina taka ákvörðun á endanum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




## SPURNING DAGSINS



*Eggert, ertu þá búinn að ná hærra en bræður þínir?*

„Já, það má segja að ég sé bókstaflega búinn að toppa þá. En ekki á íþróttasviðinu.“

Knattspyrnukappinn Eggert Stefánsson hefur lagt takkaskóna á hilluna og gerst flugfreyja. Eggert er bróðir handboltastjörnunnar Ólafs Stefánssonar og körfuknattleiksmannsins Jóns Arnórs Stefánssonar.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins kallað út að Skemmuvegi í Kópavogi í gær:

# Kviknaði í bíl á bílaverkstæði

**ELDSVOÐI** Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var kallað út um þrjú leytið í gær vegna bruna á bílaverkstæði að Skemmuvegi 24 í Kópavogi.

Kviknað hafði í bíl inni í húsinu og hafði eldurinn aðeins náð að breiðast út. Slökkviliðið mætti snemma á staðinn og reykkafarar fóru inn í húsið til að slökkva eldinn sem tókst án mikilla vandræða. Bíllinn eyðilagðist og einhverjar reykskemmdir urðu innanhúss. Auk þess sprungu rúður í húsinu en engin slys urðu á fólki.

Í fyrradag kviknaði í rútu við Smiðjuveg í Kópavogi, stutt frá bílaverkstæðinu sem brann í dag. Ekki er vitað hvort málin tengjast. - mþl



**SLÖKKVILIÐIÐ Á VETTVANGI** Greiðlega gekk að slökkva eldinn

Eldgosið í Eyjafjallajökli:

# Mjög lítil virkni

**ELDGOS** Stórlega hefur dregið úr hæð gufumakkarins úr Eyjafjallajökli, en hann nær nú einungis 100 metra hæð.

Til samanburðar fór mökkurinn í rúmlega tveggja kílómetra hæð í lok maí.

Hvorki eðjuflóð né gjóskufall hafa mælst á síðustu dögum.

Hækkun á vatnsborði í gígnum hefur líklega ekki verið meiri en einn til tveir metrar. Nái yfirborð að hækka um meira en tuttugu metra frá því sem nú er, hafa safnast um þrjár milljónir rúmmetra af vatni í gígninn. - sv

Ísraelar gefa að hluta eftir:

# Draga úr einangrun á Gasa

**ÍSRAEL, AP Ísraelsstjórn ákvað á fimmtudag að létta aðeins á einangrun Gasasvæðisins.**

**Meðal annars verði framvegis heimilt að flytja matvæli þangað án takmarkana og eitthvað af byggingarefnum, þótt áfram verði takmarkanir á innflutningi byggingarefna af ótta Ísraela við að Gasabúar noti þau til að styrkja hernaðarmannvirki.**

**Ísrael tók þessa ákvörðun eftir að hafa ráðgast við bandaríska og evrópska embættismenn. Viku áður hafði Barack Obama Bandaríkjaforseti sagt að einangrun Gasa geti ekki staðist til lengdar.**

**Hjálparsamtök ætla innan tíðar að senda annan skipaflota með hjálpargögn til Gasa.** - gb



**VIKTORÍA OG DANÍEL** Eldri systirin gengur í hjónaband. NORDICPHOTOS/AFP

Svíar undirbúa brúðkaup:

# Von er á nærri þúsund gestum

**SVÍÞJÓÐ, AP** Tignir gestir streyma til Stokkhólms þar sem haldið verður konunglegt brúðkaup á morgun. Viktoría krónprinsessa og einkaþjálfari hennar, Daniel Westling, hyggjast ganga í það heilaga í dómkirkjunni, sem nýbúið er að gera lagfæringar á.

Von er á nærri þúsund gestum og ekkert verður til sparað, þrátt fyrir að deilur hafi kviknað um íburðinn.

„Þetta verður stærsta brúðkaupið sem haldið hefur verið í Evrópu í langan tíma,“ segir Roger Lundgren, sérfræðingur í konungsfjölskyldum. „Allir ætla að koma.“ - gb

# Gnarr hótað lífláti í orðaleit Vikunnar

**Finna má setninguna „Gnarr verður skotinn“ í orðaþraut í Vikunni. Málið verður skoðað rækilega, segir yfirlögregluþjónninn Geir Jón Þórisson. Ritstjóri Vikunnar segir enga alvöru fylgja hótuninni. Höfundurinn sé mikill húmoristi.**

**FJÖLMIÐLAR** Falin skilaboð um að Jón Gnarr verði ráðinn af dögum má finna í svokallaðri orðaleit nýjasta heftis tímaritsins Vikunnar sem kom út á miðvikudag. „Gnarr verður skotinn“ fullyrðir orðaleitin í þriðju neðstu línu. Setningin er ekki meðal uppgefinna leitarorða.



ELÍN ARNAR



GEIR JÓN ÞÓRISSON

Lögreglunni hafði ekki borist tilkynning um morðhótun vegna þrautarinnar þegar Fréttablaðið hafði samband við Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjón í gær. „Þetta er eitthvað nýtt, sem ég kannast ekki við að hafa séð áður, að svona hótun sé falin í texta af þessu tagi. Er hægt að taka þessu sem hótun? Ég átta mig ekki alveg á þessu,“ segir Geir Jón.

„Yfirleitt er þetta borið þannig fram að tilgangurinn er að skelfa – að láta vita með óyggjandi hætti að eitthvað standi til – til að skapa ókyrrð,“ segir Geir Jón. „En allt sem við fáum í okkar hendur skoðum við rækilega, athugum bakgrunninn og skoðum hvort eitthvað mark sé á takandi,“ bætir hann við.

Elín Arnar, ritstjóri Vikunnar, sem var yfirlýstur stuðningsmaður Besta flokksins fyrir borgarstjórnarkosningarnar, segist þess hins vegar fullviss að hugur fylgi ekki máli hjá höfundi orðaleitarinnar. Nýbakaður borgarstjóri hafi enga ástæðu til að óttast óðan þrautasmið. Henni kæmi ekki á óvart þótt höfundurinn hefði sjálfur kosið Jón Gnarr í nýafstöðnum kosningum.

„Sá sem býr til þessar þrautir hjá okkur er mikill húmoristi. Hann er alltaf með eitthvað svona grín fyrir sjálfan sig. Það hefur enginn fattað það hingað til,“ segir Elín.

Hún frétti ekki af málinu fyrr en eftir að blaðið kom úr prentun. „Mér finnst þetta fara aðeins yfir strikið, ég verð nú að viðurkenna það. En er Gnarr ekki þekktur fyrir að fara yfir strikið líka? Þannig að þetta er kannski bara viðeigandi.“

Ekki náðist í Jón Gnarr vegna málsins í gær.

stigur@frettabladid.is




**GNARRVERÐURSKOTINN** Þessi dulda hótun veldur lögreglunni heilabrotum.

> Mér finnst þetta fara aðeins yfir strikið, ég verð nú að viðurkenna það.
>
> **ELÍN ARNAR** RITSTJÓRI VIKUNNAR






**FLUGVÉLAR Í BIÐSTÖÐU** Batahorfur urðu að engu. NORDICPHOTO/AFP

Flugvellir í Evrópu:

# Milljarðatap vegna ösku

**ÍTALÍA, AP Alþjóðasamtök flugvallarrekenda, API, segja tap flugvalla í Evrópu vegna öskuskýsins frá Eyjafjallajökli nema allt að 300 milljónum evra, en það samsvarar um það bil 47 milljörðum króna.**

**Samtökunum reiknast til að flugvellir í Evrópu hafi orðið af 17 milljónum farþega þessar vikur sem eldgosið truflaði flugumferð. Þar með hafi batahorfur í rekstri flugvallanna í reynd orðið að engu, en á fyrsta ársfjórðungi hafði farþegum fjölgað um 5,2 prósent.** - gb

## RÚSSLAND

### Gagnrýna refsiaðgerðir

Rússnesk stjórnvöld fóru í gær hörðum orðum um refsiaðgerðir gegn Íran, sem bæði Bandaríkin og Evrópusambandið hafa boðað upp á eigin spýtur. Rússar segja þetta geta dregið úr samstarfsvilja þeirra við Vesturlönd um málið.






Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra var full bjartsýni í þjóðhátíðarávarpi sínu:

# Full ástæða til bjartsýni

**STJÓRNMÁL** „Það er full ástæða til þess að horfa björtum augum fram á veginn 17. júní árið 2010,“ sagði Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra í þjóðhátíðarávarpi sínu í gær.

Jóhanna minntist ársgamalla orða sinna um að glíman við efnahagsvandann væri í raun ný sjálfstæðisbarátta og taldi upp þá áfanga sem náðst hafa í endurreisninni á liðnu ári. Nefndi hún meðal annars að fjármálakerfið hefði verið endurreist og því mótaður heilbrigður lagalegur grundvöllur, hallinn á ríkissjóði væri umtalsvert minni en áætlanir gerðu ráð fyrir, atvinnulífinu hafi verið haldið gangandi og að velferðarþjónustan hafi verið varin eins og kostur sé.

Jóhanna fjallaði um náttúru og auðlindir landsins og sagði að sér væri efst í huga sá samtakamáttur sem þjóðin hefði sýnt við nýleg eldsumbrot. Hún sagði Ólaf bónda á Þorvaldseyri vera táknmynd Íslendinga sem hefðu sigrast á búsifjum, sigrast á náttúruöflum og sigrast á tímabundnu mótlæti.

Jóhanna minntist á stöðu stjórnmálanna á Íslandi í kjölfar sveitarstjórnarkosninganna. „Vitnisburður okkar í framtíðinni mun að mínu mati fyrst og fremst ráðast af því hvernig okkur, kjörnum fulltrúum, tekst að vinna úr þessari stöðu,“ sagði Jóhanna.

Þá fjallaði Jóhanna um rannsóknarskýrslu Alþingis og stjórnlagaþing og taldi mikilvægi hvors tveggja afar mikið. - mþl



**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR**




VIÐ ERUM FRÁ ÍSLANDI

ICELANDAIR

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 49714 07/10

**GENGIÐ 16.06.2010**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 127,47 | 128,07 |
| Sterlingspund | 188,66 | 189,58 |
| Evra | 156,59 | 157,47 |
| Dönsk króna | 21,051 | 21,175 |
| Norsk króna | 19,877 | 19,995 |
| Sænsk króna | 16,319 | 16,415 |
| Japanskt jen | 1,3910 | 1,3992 |
| SDR | 187,32 | 188,44 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
213,2678

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Forseti Íslands sæmdi tólf heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu í gær:

# Tólf fengu riddarakrossinn frá forsetanum

**FÓLK** Forseti Íslands sæmdi tólf heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu við hátíðlega athöfn á Bessastöðum í gær. Þau sem voru heiðruð eru Edda Erlendsdóttir píanóleikari fyrir störf á vettvangi íslenskrar tónlistar, Gísli Örn Garðarsson leikstjóri fyrir framlag til íslenskrar og alþjóðlegrar leiklistar, Guðrún Guðmundsdóttir húsmóðir fyrir framlag sitt á sviði útsaums og þjóðlegrar menningar, Guðrún Nordal forstöðumaður fyrir störf í þágu íslenskra fræða, Helena Eyjólfsdóttir söngkona fyrir framlag til íslenskrar tónlistar, Hjalti Pálsson, ritstjóri og fyrrverandi héraðsskjalavörður, fyrir framlag til héraðssögu, fræða og menningar, Jón Ásbergsson framkvæmdastjóri fyrir störf í þágu íslensks atvinnulífs og útflutnings, Jónas Þórir Þórisson forstöðumaður fyrir framlag til líknarmála og hjálparstarfs, Kristbjörn Þór Árnason skipstjóri fyrir sjósókn og störf í sjávarútvegi, Magðalena Sigríður Hallsdóttir, fyrrverandi formaður Kvenfélags Sjúkrahúss Siglufjarðar, fyrir störf í þágu aldraðra og sjúkra, Marga Ingeborg Thome prófessor fyrir störf í þágu heilbrigðismenntunar og rannsókna og Reynir Vilhjálmsson landslagsarkitekt fyrir frumherjastörf við skipulag og mótun umhverfis.



**FRÁ ATHÖFNINNI** Tólf voru sæmd heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu í gær. MYND/GUNNAR G. VIGFÚSON

Hátíðleg athöfn í Höfða:

## Kristbjörg Kjeld útnefnd borgarlistamaður 2010

**MENNING** Kristbjörg Kjeld leikkona er borgarlistamaður Reykjavíkur árið 2010. Það var Jón Gnarr borgarstjóri sem útnefndi Kristbjörgu við hátíðlega athöfn í Höfða í gær.



KRISTBJÖRG KJELD

Í vor gerðist það í fyrsta sinn að menningar- og ferðamálaráð óskaði eftir ábendingum almennings um borgarlistamann Reykjavíkur og hlaut Kristbjörg fjölda tilnefninga.

Kristbjörg hefur búið og starfað í Reykjavík mest allan sinn starfsferil og sannarlega skarað fram úr og markað sérstök spor í íslenska listalífi. Því samþykkti menningar- og ferðamálaráð að Kristbjörg Kjeld yrði útnefnd Borgarlistamaður Reykjavíkur 2010.

Horfinn jökull í Perú:

## Fjallið málað hvítt í staðinn

**PERÚ** Hópur fólks í Perú er langt kominn með að mála fjall eitt í Andesfjöllum hvítt. Fjallið var hvítt hér áður fyrr, vegna þess að þá var þar jökull. Hann er nú horfinn, og því gripu íbúarnir til þessa ráðs. Frá þessu er skýrt á fréttavef breska útvarpsins BBC.

Íbúarnir búa sjálfir til málningu una með gamalli aðferð, þar sem blandað er saman kalki, eggjahvítu og vatni. Málningunni er skvett úr fötum á stórgrýtið í hlíðum fjallsins, í staðinn fyrir að nota pensla.

- gb

# Uppnám hjá lánveitendum

**Starfsmenn eignaleigufyrirtækja hafa unnið myrkranna á milli frá því að Hæstiréttur dæmdi gengistryggð lán ólögmæt án þess að hafa hugmynd um hvernig bregðast skuli við. Mörgum spurningum enn ósvarað.**

**FRÉTTASKÝRING**
Hvernig verður brugðist við dómi Hæstaréttar um gengistryggð lán?

Uppnám er innan eignaleigufyrirtækja eftir dóm Hæstaréttar um gengistryggingu og bíða menn þar á bæjum þess nú að stjórnvöld taki ákvörðun um framhaldið. Algjör óvissa ríkir um það í hverju aðgerðir stjórnvalda munu felast, ef yfirleitt verður gripið til nokkurra slíkra.



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON



GUÐJÓN RÚNARSSON

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur fyrirspurnum rignt yfir eignaleigufyrirtækin frá því að dómurinn féll á miðvikudag og hefur starfsfólk ekki haft undan við að svara þeim. Í flestum tilfellum er fólk að forvitnast um stöðu lána sinna.

Þess eru þó dæmi að fólk krefjist þess að eignaleigufyrirtækin greiði til baka þá peninga sem það telur sig eiga inni hjá fyrirtækjunum. Sumir hafa jafnvel gengið enn harðar fram og sagst ætla að sækja peningana í dag og vilji fá þá greidda út í hönd.

Unnið hefur verið myrkranna á milli við að teikna upp viðbrögð við hugsanlegum niðurstöðum stjórnvalda og láta stöðva innheimtuaðgerðir, að minnsta kosti tímabundið. Óvissan er gríðarleg, enda hefur Hæstiréttur einungis kveðið upp úr með það að gengistrygging sé ólögleg, en ekki fellt dóm um það hvernig skuli leysa úr þeim vanda.

Enn er meðal annars eftir að svara því hvernig skuli gera lánin upp og á hvaða vöxtum, hvað verði látið gilda um þá sem þegar hafa greitt sín lán að fullu, og hvort slík mál geti í einhverjum tilfellum verið fyrnd.

Tveir möguleikar eru helst nefndir til sögunnar fyrir stjórnvöld: Annars vegar að lýsa því yfir að ekki verði sérstaklega gripið inn í og hin íslensku vaxtalög verði látin gilda. Af því myndu líklega rísa dómsmál í kjölfarið vegna ýmiss konar ágreinings. Hins vegar gætu stjórnvöld ákveðið að setja sérstök lög til að reyna að leiða málið til lykta, en áhöld eru um hvort hægt sé að gera það afturvirkt.

> Það er mjög mikilvægt að línur skýrist innan fárra daga svo þessari almennu óvissu verði eytt.
>
> GUÐJÓN RÚNARSSON FRAMKVÆMDASTJÓRI SAMTAKA FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA

Steingrímur J. Sigfússon sagði í Fréttablaðinu í gær að það væri alls ekki sjálfgefið að niðurstaðan kallaði á sérstök viðbrögð stjórnvalda. Í samtali við Fréttablaðið í gærkvöldi sagði hann þó að unnið væri í málinu. „Við ræðum það í ríkisstjórn í fyrramálið. Menn þurfa sinn tíma til að átta sig nákvæmlega á því hvað dómurinn þýðir og hvernig unnið verði úr honum. En það er mikilvægt að tryggja að farið verði eftir þeirri leiðsögn sem dómur Hæstaréttar veitir,“ segir Steingrímur.

Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja, segir boltann nú hjá stjórnvöldum sem þurfi að hraða skoðun málsins. „Það er mjög mikilvægt að línur skýrist innan fárra daga svo þessari almennu óvissu verði eytt,“ segir hann.

stigur@frettabladid.is



**ÓVISSA Í UMFERÐINNI** Bíleigendur með myntkörfulán vita ekki enn hvaða áhrif dómar Hæstaréttar munu hafa. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




## VEÐURSPÁ



Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

**HÆGUR VINDUR**
Næstu daga verður vindur fremur hægur á landinu. Bjartast verður austanlands en vestan til má búast við skýjuðu veðri og lítils háttar vætu. Áfram eru horfur á hlýju veðri og það lítur út fyrir að hitinn komist upp fyrir 20°C norðaustan til í dag og á morgun.



Á MORGUN 3-8 m/s, þykknar upp N-lands.

SUNNUDAGUR Vestlægar áttir, víða 3-10 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 25° |
| Basel | 22° |
| Berlín | 26° |
| Billund | 17° |
| Frankfurt | 21° |
| Friedrichshafen | 15° |
| Gautaborg | 17° |
| Kaupmannahöfn | 17° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 21° |
| Mallorca | 26° |
| New York | 30° |
| Orlando | 34° |
| Ósló | 16° |
| París | 22° |
| San Francisco | 16° |
| Stokkhólmur | 16° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Henný Árnadóttir henny@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Bjarni Þór Sigurðsson bthor@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is




# TAX FREE DAGAR

## Fatnaður og skór á alla fjölskylduna!

Dagana 18. - 20. júní afnemum við VSK af öllum fatnaði og skóm.

Þú færð allan dömu-, herra og barnafatnað, undirföt, sokka, sokkabuxur og skó án virðisaukaskatts þessa fjóra daga.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaups.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 20. júní 2010.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## KJÖRKASSINN



*Horfðir þú á beina útsendingu frá eldhúsdagsumræðum?*

| | |
|---|---|
| Já | 18% |
| Nei | 82% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Varpaði ákvörðun Evrópusambandsins skugga á þjóðhátíðargleði þína?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Formaður landeigenda í Hvallátrum hlynntur endurbótum á Látrabjargi:

# Ekki hægt að loka bjarginu

**BYGGÐAMÁL** Gísli Már Gíslason, formaður Bjargtanga – félags landeigenda og sumarbústaðaeigenda á Hvallátrum, segir félagið vera mjög hlynnt endurbótum á Látrabjargi en segir ómögulegt að loka því.

„Þetta væri eins og að loka Gullfossi," segir Gísli. „Þetta snýst um að fræða fólk um hætturnar en ekki banna því að skoða náttúruminjar." Eitt varúðarskilti er á svæðinu og setti félagið það upp til aðvörunar fyrir ferðamenn. „Við erum tilbúnir að skoða alla möguleika til þess að gera svæðið sem öruggast," segir Gísli.

Þingsályktunartillaga um friðlýsingu Látrabjargs var lögð fram á Alþingi árið 2003. Þetta er mesta fuglabjarg í N-Atlantshafi og þar er stærsta álkubyggð í heimi. Jafnframt vex á svæðinu sjaldgæf jurt, bjargstrý, sem hefur aðeins fundist á tveimur stöðum á landinu. Ekki hefur svæðið enn verið friðlýst.

Sigrún Ágústsdóttir, sviðsstjóri laga og stjórnsýslu hjá Umhverfisstofnun, segir að það sé vissulega ástæða til að tryggja öryggi ferðamanna á öllum stöðum á landinu sem þykja áhugaverðir.

„Það er verið að vinna í málinu og vonandi gengur það í gegn á næstu misserum," segir Sigrún. **- sv**



**LUNDI** Ein af fuglategundunum sem verpa í Látrabjargi.

Slökkvilið Skagafjarðar:

# Eldur kviknaði í gömlu hesthúsi

**BRUNI** Slökkvilið Skagafjarðar var kallað að hesthúsi á Nöfunum í hádeginu í gær.

Þegar slökkviliðið kom á staðinn var tölverður eldur í húsinu. Greiðlega gekk að slökkva eldinn.

Eldsupptök eru ókunn. Að því er fram kemur á fréttavef Feykis voru eigendur hússins staddir þar fyrr um morguninn en þeir urðu ekki varir við neitt.

Ekki var rafmagn í húsinu en timbrið í því gamalt. Þá var þurrt hey í húsinu.

Lögreglan í höfuðborginni:

# Lá fastur undir bíl eftir veltu

**LÖGREGLUMÁL Erill var hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu í fyrrinótt. Umferðarslys varð á Salavegi í Kópavogi um fjögur leytið. Þar valt bifreið með þeim afleiðingum að annar tveggja farþega í bílnum festist undir bifreiðinni. Lögreglu og sjúkraflutningamönnum tókst þó fljótt og örugglega að ná honum undan bílnum.**

**Þá varð annað umferðarslys á Arnarnesvegi á sjöunda tímanum í gærmorgun. Þar valt bifreið og var einn fluttur á slysadeild.**

**Fimm voru teknir fyrir ölvunarakstur og tveir undir áhrifum fíkniefna.**

Vinnustaðaskírteini ASÍ og SA:

# Heimilt að fara í heimsóknir

**ATVINNUMÁL** Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambands Íslands, og Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins hafa undirritað samkomulag um vinnustaðaskírteini og framkvæmd eftirlits á vinnustöðum.

Samkomulagið byggir á lögum frá síðasta mánuði og veitir fulltrúum samtaka vinnumarkaðarins heimild til að fara í eftirlitsheimsóknir á vinnustaði atvinnurekenda og ganga úr skugga um að atvinnurekandi og starfsmenn starfi í samræmi við reglur.

Samkomulagið tekur gildi 15. ágúst næstkomandi. **- jab**

# Engir sérstakir fyrirvarar

**Umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu var formlega samþykkt án ágreinings á leiðtogafundi sambandsins í gær. Aðalsamningamaður Íslands vill engu spá um hve langan tíma viðræðurnar taka.**

**EVRÓPUSAMBANDIÐ** Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (ESB), segir að engir sérstakir fyrirvarar hafi verið settir varðandi Icesave, í tengslum við samþykkt sambandsins á því að hefja aðildarviðræður við landið. Umsókn Íslands var formlega samþykkt á leiðtogafundi ESB í Brussel í gær.

„Eins og í aðdraganda allra aðildarviðræðna voru viðræður við Íslendinga samþykktar með nokkrum skilyrðum," sagði Barroso þegar fréttastofan spurði hann út í viðræðurnar. Íslendingar verða að hlíta sömu almennu skilyrðunum og aðrir. Hann vísaði hins vegar einnig til úrskurðar eftirlitsstofnunar EFTA frá því í maí. En þar kemur fram að Íslendingum beri að greiða Icesave-reikningshöfum lágmarkstryggingu samkvæmt tilskipun ESB um innstæðutryggingar.

Barroso sagði leiðtoga sambandsins hafa verið mjög jákvæða í garð umsóknar Íslands á leiðtogafundinum í gær. Allir þeir fyrirvarar sem settir hefðu verið rúmuðust innan samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og þeirra skilmála sem áður eru nefndir. Hann vonaðist til að viðræður gætu hafist sem fyrst en á endanum yrðu Íslendingar að gera það upp við sig í þjóðaratkvæðagreiðslu hvort þeir vildu ganga í ESB.

> Eins og í aðdraganda allra aðildarviðræðna voru viðræður við Íslendinga samþykktar með nokkrum skilyrðum.
>
> **JOSE MANUEL BARROSSO**
> FORSETI FRAMKVÆMDASTJÓRNAR ESB

Í sama streng tók Lars Lökke Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur. Hann sagðist fagna aðild Íslands að sambandinu og einhugur ríkti um að ganga til viðræðna við þá innan leiðtogaráðs þess. „Íslendingar geta nú nýtt sér alla sérfræðiþjónustu ESB í samningaferlinu og ég tel að viðræðurnar geti gengið hratt fyrir sig," sagði forsætisráðherrann.

Tæpt ár er frá því Alþingi samþykkti þingsályktunartillögu frá Össuri Skarphéðinssyni utanríkisráðherra um að sótt yrði um aðild. Stefán Haukur Jóhannesson formaður samninganefndar Íslands og sendiherra í Brussel, segir að frá og með gærdeginum sé Ísland ekki umsóknarríki heldur kandídat. Samninganefndin vinni eftir þingsályktuninni og greinargerð hennar. Allt verði gert til að tryggja hagsmuni Íslands í viðræðunum.

Stefán Haukur vildi engu spá um það hversu langan tíma viðræðurnar muni taka. Næsta skref sé að utanríkisráðherra fundi með utanríkisráðherra Belgíu eftir að Belgar taka við forsæti í ESB. Eftir það taki við nokkrir mánuðir þar sem rýnt verði í löggjöf Íslands og ESB og þær bornar saman til að finna hvar þurfi að semja um breytingar. Eiginlegar samningaviðræður ættu að geta hafist á fyrri hluta næsta árs.

Stefán Haukur sagðist reikna með að jöfnum höndum yrði unnið í erfiðum málum og þeim sem væntanlega yrðu auðveldari úrlausnar. Í Brussel er talað um að Íslendingar gætu orðið samferða Króatíu inn í sambandið að því gefnu að þjóðin samþykki aðildarsamning í þjóðaratkvæðagreiðslu eins og Alþingi setur sem skilyrði fyrir aðildinni. Stefán Haukur sagði ESB gjarnan vilja taka fleiri en eitt land inn í einu en vildi ekkert segja um hvort það yrði raunin.

**hmp@stod2.is**



**DAVID CAMERON Á FYRSTA LEIÐTOGAFUNDI SÍNUM** Forsætisráðherra Bretlands gæti haft mikil áhrif á samningaviðræður ESB og Íslands. MYND/HEIMIR MÁR






Niðurstöður álagsprófs fjármálastofnana Evrópusambandsríkjanna verða birtar:

# Spánn er ekki í fjárhagsvanda

**EVRÓPUSAMBANDIÐ** José Luis Rodríguez Zapatero, forsætisráðherra Spánar, segir Spánverja ekki vera á vonarvöl efnahagslega eins og orðrómur hafi verið um í fjölmiðlum að undanförnu. Þvert á móti hafi leiðtogafundur ESB samþykkt að öll aðildarríki sambandsins færu sömu leið og Spánverjar til að auka trú markaðarins á efnahagslífi Evrópu.

Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti tók undir það, að Spánn eigi ekki í vanda. Um það séu allir 27 leiðtogar Evrópusambandslandanna sammála: „Við teljum engan vanda vera á ferðinni, og það er sameiginleg greining okkar allra."

Seðlabanki Spánar ákvað á miðvikudag að allar helstu fjármálastofnanir landsins skuli ganga í gegnum áreynslupróf. Það próf verði gagnsætt og niðurstöðurnar gerðar opinberar. Á leiðtogafundi ESB í gær sagði Zapatero að orðrómur hafi verið í alþjóðlegum fjölmiðlum um að Spánn stæði illa fjárhagslega. Þetta væri rangt. Fjölmiðlar og fjármálamarkaðurinn ættu að hlusta frekar á spænsk stjórnvöld í stað þess að eltast við óstaðfestar fréttir.

„Leiðtogafundurinn samþykkti einróma á fundi sínum í gær að fara sömu leið og spænski seðlabankinn ákvað að fara. Allar helstu fjármálastofnanir aðildarríkjanna 27 verða settar í áreynslupróf. Það ferli verður opið og niðurstöðurnar gerðar opinberar," sagði spænski forsætisráðherrann. Niðurstöður þessa áreynsluprófs ættu að liggja fyrir seinni partinn í júlí.

Zapatero á fund með Dominique Straus-Khan, framkvæmdastjóra Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, í dag. Þegar hann var spurður hvort tilgangur fundarins væri að leita aðstoðar sjóðsins sagði hann að um reglubundinn samráðsfund væri að ræða. „Enda hefur Spánn allt frá upphafi kreppunnar ekki þurft að leggja fjármálastofnunum til stórar fjárhæðir eins og mörg önnur ríki hafa þurft að gera, nema í undantekningartilfellum varðandi nokkur mjög smá fjármálafyrirtæki. Þvert á móti hefur Spánn lagt öðrum þjóðum eins og Grikkjum lið með fjárframlögum," sagði Zapatero í Brussel í gær. **- hmp**



**ZAPATERO MÆTIR TIL LEIÐTOGAFUNDARINS** Hann segir Spán ekki standa illa fjárhagslega. MYND/HEIMIR MÁR

ÚTSALA - ÚTSALA - ÚTSALA - ÚTSALA - ÚTSALA

# SKÓLATÖSKUDAGAR Í OFFICE 1

Verð frá kr. 1.500.-

## Er barnið þitt að byrja í skóla í haust?

Komdu og gerðu ótrúlega góð kaup á skólatöskum fyrir haustið. Einnig pennaveski með 30% afslætti. Gildir til 30. júní.



Athugið, mismunandi úrval getur verið á milli verslana.

OPIÐ 24 TÍMA SKEIFUNNI

**Ég ætla að spara í ár!**

Office 1

Skeifan, Smáralind, Korputorg, Hafnarfjörður, Selfoss, Egilsstaðir, Akureyri

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Hvað vill nýr meirihluti í Reykjavík setja upp innandyra í Perlunni?*
2. *Hvaða leikmaður Fram skoraði með hjólhestaspyrnu í 2-1 sigri á Stjörnunni?*
3. *Hvaða félagar ætla að heiðra Ómar Ragnarsson með útgáfu barnaplötu?*

SJÁ SVÖR Á SÍÐU 54

Yfirlögregluþjónn á Vestfjörðum undrast athæfi óábyrgra ökumanna:

# Slasa eða drepa sauðfé og stinga svo af

**LÖGREGLUMÁL** Ekið var á ellefu lömb og ær í umdæmi lögreglunnar á Vestfjörðum í síðustu viku. Þrjú lömb drápust í einni ákeyrslunni. Í öllum tilvikum stungu ökumennirnir af frá slysstað og létu skepnurnar liggja eftir.

„Þetta gerist á hverju einasta ári,“ segir Önundur Jónsson, yfirlögregluþjónn á Vestfjörðum. „Ég set fram þá spurningu hvers vegna íslenskir ökumenn séu svona óheiðarlegir.“

Önundur segir að mest sé um ákeyrslur á sauðfé á vorin, þegar nýbúið sé að sleppa lambfénu í haga og áður en það fer að sækja lengra til fjalla. Ekið sé á nokkrar kindur í viku hverri á þessum tíma.

„Ef tekin eru hundrað svona óhöpp, þá eru kannski tveir til þrír sem láta vita að þeir hafi keyrt á lambið og slasað það eða drepið. Hinir stinga af.

Við sjáum að stundum hafa þær skepnur, sem ekið hefur verið á og síðan skildar eftir, kvalist, því þær hafa sparkað allt í kringum sig áður en þær hafa drepist. Stundum eru dýrin stórslösuð en lifandi þegar komið er að þeim. Ég spyr íslenska ökumenn hvað sé á seyði í höfðinu á þeim þegar þeir gera svona lagað? Ég spyr hverjir það séu sem ganga svona um landið okkar, náttúruna og blessaðar skepnurnar? Ég skil þetta ekki og á engin svör. Það er mjög ill og ljót meðferð að skilja skepnurnar eftir svona.“ **- jss**



**LAMB** Lömbin eru í mestri hættu meðan þau eru lítil.

Brot á samkeppnislögum:

# Lyf og heilsa fær milljónasekt fyrir brot

**SAMKEPPNI** Áfrýjunarnefnd samkeppnismála hefur staðfest alvarleg brot Lyfja og heilsu gegn Apóteki Vesturlands á Akranesi. Sekt Lyfja og heilsu var lækkuð úr 130 milljónum króna í 100 milljónir.

Málið hófst sumarið 2007 þegar Apótek Vesturlands fór í samkeppni við Lyf og heilsu á Akranesi.

Í kjölfarið barst Samkeppniseftirliti ábending um aðgerðir til að hamla starfsemi keppinautarins.

Til stuðnings lægri sektum benti nefndin á að brotin takmörkuðust að mestu leyti við þröngt markaðssvæði og tillit var tekið til breytinga í efnahagslífinu. **- jab**

Atvinnuleysi innan OECD í 8,7 prósentum í apríl:

# Fimmtungur er atvinnulaus á Spáni

**EFNAHAGSMÁL** Samræmdar tölur Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) sýna að atvinnuleysi í aðildarríkjum stóð í 8,7 prósentum í apríl. Í apríl var atvinnuleysi hér á landi 9,0 prósent en var komið í 8,3 prósent í maí.

Mest var atvinnuleysi á Spáni í apríl, en þar er tæpur fimmtungur án vinnu, eða 19,7 prósent. Í öðru og þriðja sæti koma svo Slóvakía og Írland með 14,1 og 13,2 prósent.

Ísland er svo í tíunda sæti í aprílsamanburðinum með sitt 9,0 prósenta atvinnuleysi.

Minnst mældist atvinnuleysi í aprílmánuði í S-Kóreu, 3,7 prósent og í Hollandi, 4,1 prósent.

Samanlagt fjölgaði atvinnulausum í aðildarríkjum OECD um 3,3 milljónir milli mars og apríl, samkvæmt upplýsingum stofnunarinnar. Alls voru 46,5 milljónir án vinnu í apríl. **- óká**

**Atvinnuleysi innan Atvinnuleysi í OECD***

| Land | Hlutfall atvinnulausra |
|---|---|
| Spánn | 19,7 prósent |
| Slóvakía | 14,1 prósent |
| Írland | 13,2 prósent |
| Portúgal | 10,8 prósent |
| Ungverjaland | 10,4 prósent |
| Frakkland | 10,1 prósent |
| Pólland | 9,9 prósent |
| Bandaríkin | 9,9 prósent |
| Svíþjóð | 9,3 prósent |
| Ísland | 9,0 prósent |

**Þau tíu lönd þar sem atvinnuleysi var mest í apríl 2010.*



**VERZLUNARSKÓLINN** Flestir sóttu um að komast í Verzlunarskóla Íslands, en hann var jafnframt sá skóli sem þurfti að hafna flestum nemendum. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Fjölda nemenda neitað um skólavist

**Metfjöldi 10. bekkinga sótti um nám í framhaldsskólum í ár. Níu skólar þurftu að neita nemendum um skólavist. Búist er við því að öllum hafi verið tryggt pláss í framhaldsskóla fyrir lok mánaðarins, að sögn menntamálaráðherra.**

**MENNTUN** Aldrei hefur hærra hlutfall grunnskólanema sótt um nám í framhaldsskóla og í vor. Rúmlega 97 prósent allra 10. bekkinga sem útskrifuðust úr grunnskóla á dögunum sóttu um áframhaldandi nám í framhaldsskólum landsins.

Alls sóttu 4.477 10.-bekkingar um skólavist nú, en þeir voru 4.437 í fyrra. Það var þá met. Líkt og í fyrra komast ekki allir inn í skóla í fyrstu atrennu, en 217 nemendur standa út af. Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra segist vonast til að öllum nemendunum verði fundið pláss í skóla fyrir lok mánaðarins. Erfiðast sé að finna pláss á höfuðborgarsvæðinu, sem sé sami vandi og undanfarin ár.

Síðustu ár hefur hópur nemenda, sem ekki komst inn í fyrstu atrennu, verið í óvissu fram eftir sumri. Í ár var innritun breytt, forinnritun var í apríl og var því hægt að bregðast fyrr við vandanum að einhverju leyti, samkvæmt upplýsingum frá menntamálaráðuneytinu. Tekinn var upp forgangur á svæðum, þannig að framhaldsskólar þurftu að taka frá 45 prósent sinna plássa fyrir grunnskólanema úr grenndarskólum. Áhrifin af því eru ekki fyllilega komin í ljós, en Katrín segir ráðuneytið allavega ekki hafa fengið neinar slæmar fregnir af því.

Langflestir sóttu um nám í Verzlunarskóla Íslands, eða 428 manns. Næstvinsælastur er Menntaskólinn við Hamrahlíð, en um skólavist þar sóttu 319. Í þriðja sæti var svo Menntaskólinn við Sund, Borgarholtsskóli var fjórði vinsælasti skólinn og Menntaskólinn í Reykjavík sá fimmti.

Níu skólar þurfa að neita einhverjum þeirra sem sóttu um skólavist. Verzlunarskóli Íslands þarf að neita flestum nemendum um skólavist, en þar sóttu 120 fleiri um skólann en pláss er fyrir. Kvennaskólinn í Reykjavík þarf að hafna 104 nemendum, Menntaskólinn við Hamrahlíð 74 og Menntaskólinn við Sund og Menntaskólinn í Reykjavík 57 nemendum. Tækniskólinn, Framhaldsskólinn á Laugum, Menntaskólinn að Laugarvatni og Menntaskólinn á Akureyri þurftu að hafna á bilinu tveimur til tólf nemendum.

thorunn@frettabladid.is



# FARTÖLVUR FYRIR ALLA

# KRASSANDI SUMARTILBOÐ



**99.990**

FULLT VERÐ KR. 129.990

17"

TOSHIBA

Toshiba Satellite
Pro P300D-21U

2.1Ghz AMD Athlon X2 Mobile QL-64 örgjörvi • 2GB DDR2 minni • 160GB SATA harðdiskur • 8xDVD±RW Dual Layer og CD-RW skrifari • 17" WideScreen WXGA skjár • ATI Radeon HD 3100 PCI-Express skjákort • VGA vefmyndavél • Windows Vista Home Premium



**FARTÖLVA**

Acer Aspire One 532H-2DB

1.66GHz Intel Atom N450 örgjörvi • 1GB DDR2 minni • 250GB SATA diskur • 10,1" TFT WSVGA skjár • Intel GMA3150 PCI skjástýring • VGA vefmyndavél • Li-ion rafhlaða (6 klst.) • Windows 7 Starter ofl.

10,1"

**59.990**

FULLT VERÐ KR. 69.990



**FARTÖLVA**

Acer Extensa 5235 -901G16Mn

2.2Ghz Intel Celeron M 900 Centrino örgjörvi • 1GB DDR3 1066MHz minni • Intel GMA X4500 skjákort • 160GB SATA diskur • 15.6" WXGA LED breiðskjár • Vefmyndavél ofl.

15,6"

**69.990**

FULLT VERÐ KR. 79.990



**FARTÖLVA**

Toshiba Satellite
PRO L300D-233

2.1Ghz AMD Athlon X2 Mobile QL-64 örgjörvi • 2GB DDR2 800MHz minni • 250GB SATA harðdiskur • 8xDVD±RW Dual Layer og CD skrifari • 15.4" WideScreen WXGA skjár • ATI Radeon HD 3100 PCI-Express skjákort • Windows Vista Business ásamt XP Pro

TOSHIBA

15,4"

**79.990**

FULLT VERÐ KR. 99.990



**FARTÖLVA**

Toshiba Satellite Pro U400-24H

2.0Ghz Intel Core 2 Duo T5870 örgjörvi • 2GB DDR2 minni • 250GB SATA diskur • 8xDVD±RW Dual Layer og CD-RW skrifari • 13,3" TFT WXGA breiðskjár • Intel GMA 4500MHD skjákort • Gigabit 10/100/1000 netkort • Vefmyndavél • Windows Vista Business ásamt XP Pro möguleika

TOSHIBA

13,3"

**94.990**

FULLT VERÐ KR. 109.990



**FARTÖLVA**

Toshiba Satellite PRO S300L-10E

2.0GHz Intel Core 2 Duo T5870 örgjörvi • 2GB DDR2 minni • 160GB SATA harðdiskur • 8xDVD±RW Dual Layer og CD-RW skrifari • 15.4" WideScreen WXGA skjár • Intel Graphics MA 4500MHD skjákort • Windows Vista Business ásamt XP Pro möguleika

TOSHIBA

15,4"

**99.990**

FULLT VERÐ KR. 119.990



**FARTÖLVA**

Toshiba Satellite L500D-16N

2.2Ghz AMD Turion II Dual Core Mobile M500 • 4GB DDR2 800MHz minni • 500GB diskur • 8xDVD±RW Dual Layer og CD skrifari • 15.6" WXGA LED breiðskjár • VGA myndavél í skjá • 512MB ATI Radeon HD4570 PCI-Express skjákort • Windows 7 Home Premium

15,6"

**129.990**

FULLT VERÐ KR. 149.990



**FARTÖLVA**

*Toshiba Tecra TIL Í ALLT*

Toshiba Tecra A10-19Z

2.0GHz Intel Core 2 Duo T5870 örgjörvi • 2GB DDR2 minni • 160GB SATA harðdiskur • 8xDVD±RW Dual Layer og CD-RW skrifari • 15.4" WideScreen WXGA skjár • Intel Graphics MA 4500 skjákort • Windows Vista Business ásamt XP Pro möguleika

TOSHIBA

15,4"

**139.990**

FULLT VERÐ KR. 169.990

# TÖLVULISTINN

TL.IS
www.tolvulistinn.is

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17<br>S: 414 1700 | STRANDGÖTU 9<br>S: 414 1730 | MIÐVANGI 2-4<br>S: 414 1735 | HAFNARGÖTU 90<br>S: 414 1740 | AUSTURVEGI 34<br>S: 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66<br>S: 414 1750 |



**HVÍTUR Í FRAMAN** Hann var orðinn hvítur í framan eftir langan vinnudag, þessi byggingaverkamaður á Haítí sem vafði um sig höfuðklæði í tilefni af myndatökunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Í Breiðholtsskýrslunni er farið fram á aðgerðir og hún afhent borgarfulltrúum:

# Hörð krafa um bætt Breiðholt

**BYGGÐAMÁL** „Þessi áralanga vanræksla yfirvalda á hverfinu hefur orðið til þess að hverfin fjögur innan Breiðholts eru farin að grotna niður,“ segir í formála skýrslu sem borgaryfirvöld fengu afhenta í vikunni. Bjarni Fritzson, handboltakappi og forsvarsmaður hópsins sem vann skýrsluna, segir að brýn nauðsyn sé að gera eitthvað í uppbyggingu hverfanna.

„Þetta er bara sinnuleysi,“ segir hann. „Með svona hátt hlutfall atvinnulausra ætti að vera hægt að skapa vinnu þarna. Það yrði frábært framtak.“

Bjarna var nóg boðið þegar hann var með þriggja ára syni sínum við andapollinn í Seljahverfinu og sá litli gerði ekki greinarmun á mýrinni og bakkanum. „Þetta er bara eitt af fallegum svæðum Breiðholtsins sem eru í niðurníðslu og það þarf ekki mikið til að lítil börn detti og drukkni,“ segir hann.

Mikill metnaður og vinna var lögð í gerð skýrslunnar og segist Bjarni vera vongóður um viðbrögð.

„Margir hafa svipaða sögu að segja úr öðrum hverfum borgarinnar,“ segir Bjarni. „Ég er mjög vongóður um að yfirvöld taki á málinu.“ - sv



**MÝRI** Pollurinn í Seljahverfi sem eitt sinn var falleg tjörn en hefur nú breyst í mýri. MYND/BJARNI FRITZSON

Liðlega 30 bílar keyptir:

# Bílaleiga Akureyrar fjölgar í flotanum

**VIÐSKIPTI** Bílaleiga Akureyrar hefur samið við Bílaumboðið Öskju um kaup á hátt í þrjátíu nýjum Kia-bifreiðum.

Fram hefur komið í sölutölum Bílgreinasambandsins að sala á nýjum bílum hefur verið að braggast að undanförnu og er ein ástæða þess sú að bílaleigur hafa verið að endurnýja flotann fyrir sumarið.

Forsvarsmenn Bílaleigu Akureyrar eru bjartsýnir á ferðasumarið 2010 og segja að eftirspurn eftir bílaleigubílum sé aftur að færast í eðlilegt horf eftir samdráttinn sem varð í kjölfar eldgossins í Eyjafjallajökli. - mþl

Auglýst eftir fimm bæjar- og sveitarstjórum:

# Sveitarfélögin gera svipaðar hæfniskröfur

**SVEITASTJÓRNARMÁL** Fimm sveitarfélög auglýstu eftir bæjar- eða sveitarstjórum í atvinnublaði Fréttablaðsins um síðustu helgi. Þær hæfniskröfur sem áhugasamir umsækjendur þurfa að uppfylla eru afar svipaðar í öllum sveitarfélögunum fimm.

Auglýst var eftir bæjarstjórum á Akureyri, þar sem Listi fólksins fékk hreinan meirihluta í síðustu kosningum, og í Vesturbyggð, þar sem Sjálfstæðisflokkurinn fékk hreinan meirihluta. Þá var auglýst eftir bæjarstjóra á Fljótsdalshéraði, þar sem Framsóknarflokkurinn og Á-listi hafa myndað meirihluta. Auglýst var eftir sveitarstjórum í Skaftárhreppi og í Mýrdalshreppi, Vík í Mýrdal. Í báðum sveitarfélögum eru framboð ótengd stórum stjórnmálaflokkum með meirihluta.

Í nær öllum tilvikum er gerð krafa um háskólamenntun sem nýtist í starfi bæjarstjóra. Aðeins í auglýsingu Fljótsdalshéraðs er slakað á þeirri kröfu, þar sem háskólamenntun er sögð kostur, en ekki skilyrði.

Í öllum tilvikum er ýmist krafist reynslu af stjórnunarstörfum eða slík reynsla álitin kostur. Auk þess er færni í mannlegum samskiptum og í að tjá sig í ræðu og riti eitthvað sem lögð er áhersla á í auglýsingum sveitarfélaganna. - bj



**HEILSUGÆSLUSTÖÐ** Meðal hugmynda Samtaka atvinnulífsins er að hlutverk heilsugæslunnar verði aukið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Svigrúm til skattahækkana fullnýtt

**Samtök atvinnulífsins kynntu í fyrradag tillögur sínar í ríkisfjármálum. Þau telja svigrúm til skattahækkana fullnýtt og að markmiðum ársins 2011 verði að ná fram með gjaldalækkunum.**

**EFNAHAGSMÁL** Samtök atvinnulífsins (SA) kynntu á morgunverðarfundi í fyrradag tillögur sínar um umbætur í fjármálum hins opinbera. SA telur svigrúm til skattahækkana fullnýtt og að markmiðum um bætta afkomu ríkissjóðs árið 2011 verði að ná með gjaldalækkunum.

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA, gagnrýndi ríkisstjórnina fyrir skort á samstöðu. Hann sagði það skipta miklu máli að atvinnulífið og stjórnvöld væru samstíga og hvatti til einingar um stóriðjuframkvæmdir og vegaframkvæmdir sem mikið hefði verið talað um en lítið gert í enn þá.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra sagði að ekki kæmi til greina að hvika frá þeim markmiðum sem hefðu verið sett um að ná tökum á ríkisfjármálunum en bætti því við að þegar hefði orðið nokkuð ágengt í þessum efnum. „Verkefnið er á góðri leið með að takast. Það er erfitt og það er mikið eftir, en það er að takast.“

Steingrímur tók undir með SA að hægt væri að draga úr kostnaði í heilbrigðiskerfinu með skipulagsbreytingum og réttum áherslum en sagðist hins vegar algjörlega ósammála því að lausnin sé fólgin í einkarekstri. Hann sagði auk þess áherslu á hagræðingu í ríkisrekstri og nefndi í því samhengi þær sameiningar ráðuneyta sem ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir á undanförnum vikum.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, tók þátt í pallborðsumræðum á fundinum. Hann sagði Sjálfstæðisflokkinn leggja áherslu á að halda nýjum álögum í algjöru lágmarki og bætti því við að ýmsar tilfærslur í kerfinu þyrftu að dragast saman, það væri óvinsælt en það sem skipti mestu væri að gera það sem væri ábyrgt og rétt.

magnusl@frettabladid.is



**VILHJÁLMU EGILSSON**



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON**

## Tillögur Samtaka atvinnulífsins

- Gerbreyta þarf vinnubrögðum við fjárlagagerð eigi árangur í lækkun útgjalda hins opinbera að nást. Ákvarða þarf útgjaldaramma til að minnsta kosti fjögurra ára.
- Taka þarf skipulag heilbrigðisþjónustu til gagngerrar endurskoðunar. Auka þarf hlutverk heilsugæslunnar sem fyrsta viðkomustað sjúklings og skapa meira svigrúm fyrir einkaaðila til þess að koma að rekstri.
- Lækka þarf kostnað á nemanda í íslensku skólakerfi með því að gera skipulag markvissara. Nám til stúdentsprófs verði skipulagt sem þriggja ára nám og háskólar verði gerðir að sjálfseignarstofnunum.
- Einfalda þarf tryggingakerfið og koma í veg fyrir misnotkun þess til dæmis með því að notast við starfshæfnimat í stað örorkumats. Skoða á hækkun lífeyrisaldurs í samhengi við lengri meðalævi Íslendinga.
- Einfalda á opinbert regluverk og hvetja sveitarfélög til að setja sér haldgóðar fjármálareglur.


ÚRVAL AF GÚMMÍSKÓM & STÍGVÉLUM

Gúmmískór hákarla
JSGVIK-352-203
VIKING

Stærðir: 20-33 1.995,-

Gúmmískór bleikir m/blómum
JSGVIK-350-1009
VIKING

Stærðir: 20-36 1.995,-

Gúmmískór rauðir & bláir
JSGVIK-343-1001 / JSGVIK-343-501
VIKING

Stærðir: 20-34 & 21-35 1.995,-

Gúmmískór gulir m/blómum
GSEA-1012EYELLOW-1

Stærðir: 30-35 1.000,-

Gúmmístígvél blá & bleik
GSEA-3579NAVY-2 / GSEA-3579FUCHSIA-2

Stærðir: 20-35 1.000,-

Spiderman stígvél
SPR7726

Stærðir: 20-33 2.096,-

Tröllastígvél rauð & svört
JSG-1-80-1050 / JSG-1-80-250
VIKING

Stærðir: 20-36 3.495,-

Gúmmískór svartir & silfur
84895300 / 84195300

Stærðir: 36-42 2.995,-

Toppskórinn Outlet
VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

Opnunartími:
Mán-föstud 11-18
Laugardag 11-16
Sunnudag 13-17

# Sportbúðin – Ódýra veiðibúðin

# í leiðinni úr bænum



Ódýrustu flugurnar í mörg ár? Flugurnar okkar eru í hæsta gæðaflokki og á góðu verði. **Silungaflugur frá 190 krónum og straumflugur á 290 krónur.**



DAM Taslan vöðlur. Léttar og sterkar vöðlur með áföstum stígvélum. Belti fylgir. **Ódýrustu vöðlurnar í bænum? Aðeins 8.995.**



RT neoprenvöðlupakki. Ron Thompson neoprenvöðlur og vatnsheldur veiðijakki með útöndun. **Alklæðnaður í veiðina á aðeins 26.995**



Okuma og DAM hjól í ótrúlegu úrvali. Traust merki í hjólum á stórmarkaðsverði. **Hjól með línu og tveim spólum á aðeins 3.995.**



DAM fleece undirfatasett á frábæru verði. Mjúkt og hlýtt efni. Treyja og buxur saman. **Tilvalið í alla útivist. Aðeins 9.995.**



Úrval af góðum og veiðnum spúnum. **Bæjarinst besta verð? Aðeins 299 krónur stykkið.**



Hnífasett. Stál og hnífar ásamt bretti í plasttösku. **Ómissandi í veiðitúrinn. Aðeins 5.995.**



Ormar og makríll. Þú færð beituna í veiðiferðina í Sportbúðinni.



DAM öndunarvöðlupakki. DAM öndunarvöðlur og skór með filtsóla. Merkjavara á stórmarkaðsverði. **Frábært verð. Aðeins 29.995.**



Scierra CC3 vöðlupakki. Vandaðar 3ja laga öndunarvöðlur og skór með filtsóla. **Tilboðsverð aðeins 39.900 fyrir settið.**



Scierra CC4 vöðlupakki. Sterkar 4ra laga öndunarvöðlur og skór með filtsóla. **Tilboðsverð aðeins 49.900 fyrir settið.**



Scierra CC6 vöðlupakki. Sterkar 6 laga öndunarvöðlur og skór með filtsóla. **Tilboðsverð aðeins 59.900 fyrir settið.**



Ron Thompson Travel Force flugustöng. 4ra hluta stöng og harður hólkur fylgir. **Hefurðu séð betra verð? Aðeins kr. 10.995.**



Ron Thompson Energizer flugulínur á ótrúlegu verði. **Aðeins 4.995**



Scierra tvíhendupakki. 4ra hluta stöng, skothaus, running lína, sökktaumur og vandað hjól. DVD kastkennsla og veiðihúfa í kaupbæti. Trúlega einhver bestu kaupin í tvíhendum. **Allur pakkinn á aðeins 49.995.**



Scierra einhendupakki. 4ra hluta stöng, góð flotlína, undirlína, taumur og vandað hjól. DVD kastkennsla og veiðihúfa í kaupbæti. **Vandaður pakki á góðu verði. Aðeins 29.995**



DAM letingjar fyrir duglega veiðimenn. **Aðeins 895**

SPORTBÚÐIN



**Munið vinsælu gjafabréfin okkar**



DAM tökuvarar í letingjaveiði. **Aðeins 1.695**

**Sportbúðin • Krókhálsi 5 • 517 8050**

**sportbudin.is**

## Hátíðarhöld í miðbæ Reykjavíkur 17. júní



**INGÓLFUR FYLGIST MEÐ** Á Arnarhóli safnaðist fólk saman undir vökulum augum Ingólfs Arnarsonar. Á sviðinu þar fyrir framan fór fram fjölskylduskemmtun um daginn en þegar fór að kvölda hófust þar tónleikar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Hæ, hó og jibbí jei á þjóðhátíðardeginum

**Landsmenn héldu þjóðhátíðardaginn 17. júní hátíðlegan í gær. Daníel Rúnarsson ljósmyndari virti fyrir sér mannlífið í miðbæ Reykjavíkur þar sem ýmissa grasa gætti. Tugir þúsunda Íslendinga skelltu sér í miðbæinn og veifuðu fánum, keyptu sér blöðrur eða léku sér í leiktækjum. Veður var milt þótt sólin hefði ekki látið sjá sig.**



**VUVUZELA** Þessi ungi maður fór að dæmi knattspyrnuáhangenda í Suður-Afríku og blés í lúður lýðveldinu til heilla.



**SYSTUR FJÓRAR SITJA VIÐ SPIL** Drottningarnar fjórar úr spilastokknum fylgdust með mannhafinu í Lækjargötu og virtust furða sig á uppátækjum Íslendinga.






**HJÓLBÖRUKAPPASKTUR** Ýmsum leiktækjum var komið fyrir í Hljómskálagarðinum í gær og gátu gestir meðal annars skoppað í hoppukastölum eða farið í kappakstur eins og þessir drengir.



**VALLI Á STULTUNUM** Skemmtikraftar létu sig ekki vanta í miðbæinn í gær og settu mikinn svip á bæjarlífið. Valli á stultunum sýndi listar sínar og fékk margt barnið til að brosa.




# Uppfærðu gasmálin

## Skiptu yfir í nýtt og einfaldara kerfi

25% afsláttur af innihaldi

Nú er ekkert mál að skipta um gaskút. Olís hefur innleitt Smellugas, nýtt og einfaldara kerfi við gasnotkun. Þrýstijafnarann þarf ekki lengur að skrúfa á stútinn – honum er einfaldlega smellt á. Þannig er mun fljótlegra og þægilegra að skipta um kút.

**Ef þú þarft aðstoð við að koma nýja þrýstijafnaranum fyrir geturðu pantað heimaþjónustu. Nánari upplýsingar fást á smellugas.is, í síma 515 1100 og á næstu Olís-stöð.**

**Nýr þrýstijafnari, þér að kostnaðarlausu og við tökum gamla kútinn upp í.**

BP Gas light





smellugas.is

Smellugas

olís

# SUMARSP

40% AFSLÁTTUR

**Fótboltagrill**
Mjög flott kolagrill sem er í laginu eins og fótbolti. Frábært í sumar! Stærð: Ø33 sm. Hæð: 42 sm.




GRILL ÁÐUR: 4.995,-

**2.995,-**



1 STK.

**499,-**

**Garðálfar með rellu**
Sætir og litríkir garðálfar með rellu. Fást í nokkrum mismunandi litum.



SPARIÐ 17.960

BORÐ + 4 STÓLAR + 4 SESSUR

**39.990,-**

FSC

**DANANG borð + 4 OREGON stólar + 4 LIVERPOOL sessur**
Fallegt garðhúsgagnasett úr harðviði. Borðið og stólana er auðveldlega hægt að leggja saman svo lítið fari fyrir því. Stærð á borði: B110 x L110 x H72 sm. Borð **19.990,-** Stóll **6.995,-** Sessa **2.495,-**

SPARIÐ 4.000



SÓLBEKKUR ÁÐUR: 16.990,-

**12.990,-**

**ANCONA sólbekkur**
Stílhreinn sólbekkur úr áli og textilene. Bakið á bekknum er stillanlegt. Hjól eru undir honum sem gerir alla umgengni þægilegri. Stærð: B65 x L195 sm.



1 STK.

**595,-**

**Garðálfar**
Sætir garðálfar. Fást í nokkrum mismunandi gerðum. Flottir í garðinn eða á pallinn! Hæð: 14 sm.

SPARIÐ 995

ALLT AÐ 43% AFSLÁTTUR



**Stuttermabolir / Lan**
Frábærir bolir á börn og f að fá langerma og stutte stærðir. Barnabolir litir og hvítur. Fullorðin Svartur og hv

GÓÐ KAUP



KVARTBUXUR

**695,-**

**Dömubuxur**
Góðar dömubuxur á frábærðu verði! Stærðir: S-XL. Síðbuxur litir: Navy, svart og beige. Kvartbuxur litir: Navy, svart, rautt, hvítt og beige. Síðbuxur **995,-** Kvartbuxur **695,-**



SPARIÐ 25.000

**PISA koja**
Falleg, eikarlituð koja sem hægt er að skipta í 2 sjálfstæð rúm. Dýnustærð: 90 x 200 sm. Stærð: B98,5/130 með stiga x L209,5 x H176 sm. Dýnur fylgja ekki með. Fæst einnig í hvítum lit.

VENJULEGT VERÐ: 69.950,-

**44.950,-**

VERÐ ÁN DÝNA

# ...RENGJA!




28% AFSLÁTTUR

**JUPITER svefnpoki**
Góður svefnpoki á frábæru verði! Stærð: 80 x 220 sm.

SVEFNPOKI ÁÐUR: 6.995,-

**4.995,-**



GÓÐ KAUP

...LÍSTEPPI 1 STK.

**...895,-**

**Flísteppi**
Mikið úrval af flottum flísteppum á frábæru verði! Stærð: 130 x 180 sm.



1 STK.

**299,-**

**Garðálfar**
Litlir, sitjandi garðálfar. 4 gerðir.



2 STK. SAMAN

NÚ 2 STK. AÐEINS:

**2.995,-**

**Sumarsængur**
Léttar og þægilegar sumarsængur í flottum, sumarlegum litum. Tilvaldar í sumarbústaðinn eða í útileguna! Stærð: 140 x 200 sm. 1 stk. **1.995,-**



SPARIÐ 6.995

VIÐHALDSFRÍTT

BORÐ + 2 STÓLAR

**12.990,-**

Jamie Oliver

**JAMIE OLIVER borð + 2 JAMIE OLIVER stólar**
Nýtískulegt og flott garðsett úr áli. Létt og gott borð og flottir staflanlegir stólar í stíl. Stærð á borði: Ø60 sm.
Borð **7.995,-** Stóll **5.995,-**



...RÐ ÁÐUR: 599,- OG 699,-

**399,-**

**...germabolir**
...fullorðna. Hægt ...erma. Margar ...: Blár, bleikur ...sbolir litir: ...ítur.

SPARIÐ 100.000



VENJULEGT VERÐ: 249.950,-

**149.950,-**

**MONZA hægindasófi**
Glæsilegur hornsófi með 2 innbyggðum hægindastólum. Fæst með ljósu míkró-fíberáklæði sem auðvelt er að þrífa. Stærð: 310 x 240 x 105 sm.

**Krokketsett**
Frábært krokketsett fyrir 4. Með kylfum, boltum, staurum og bogahliðum.



ÁÐUR: 1.995,-

**1.495,-**

25% AFSLÁTTUR

SPARIÐ 2.000






4 MANNA TJALD ÁÐUR: 9.995,-

**7.995,-**

**ALPS tjald**
Gott 4 manna tjald með álhúðuðu polyester í ytra byrði. Innra byrði er úr 100% nylon sem andar. Þéttur botn. Stærð: B240 x L210 x H130 sm. Þéttleiki: 1500 mm/cm². Þyngd: 4,0 kg.

1500 mm | 4,00 kg

GÓÐ KAUP



1 DOKKA

**309,-**

**MERINO ullargarn**
Einstaklega mjúkt og þægilegt ullargarn. Fæst í nokkrum litum. Superwash. 50 gr. dokka.


RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Samþykkt leiðtogaráðs ESB er vendipunktur:

## Umræða á grunni staðreynda

Samþykkt Evrópusambandsins um að hefja aðildarviðræður við Ísland þýðir ekki að Ísland verði aðildarríki ESB. Það ræðst ekki fyrr en þjóðin greiðir atkvæði um aðildarsamning. En ákvörðunin er vendipunktur að því leyti að nú er aðildarferlið formlega hafið og þá er vonandi hægt að færa Evrópuumræðuna á Íslandi á grunn staðreynda.

Fólk getur þá rætt málið út frá því hvað sett er fram við samningaborðið, af hálfu ESB og Íslands, en ekki með hliðsjón af ágizkunum, tröllasögum eða bábiljum á borð við þær að ESB-aðild hafi herskyldu í för með sér eða að fiskimiðin fyllist af útlendum togurum. Þá verður sömuleiðis hægt að halda sig við það sem ESB-ríkin setja fram sameiginlega og forðast andlegt uppnám eins og það sem varð í lok þinghaldsins í fyrradag, þegar alþingismenn fengu skyndilega miklar áhyggjur af þekktri afstöðu Þjóðverja í hvalveiðimálum.


SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is


Evrópusambandið hefur marga galla og marga kosti. Nú hefst smíði aðildarsamnings, sem mun vafalaust innihalda hvort tveggja. Á grundvelli hans mun þjóðin svo gera upp hug sinn, að einhverjum árum liðnum. Ekki er hægt að segja til um það í dag hver verður þá niðurstaðan. Rétt er að hafa í huga að reynslan sýnir að afgerandi málamiðlanir, sem snúa að grundvallarhagsmunum ríkja sem sækja um aðild að ESB, eru yfirleitt ekki gerðar fyrr en á lokaspretti samningaviðræðna.

Í samþykkt leiðtogaráðsins eru óbeinar tilvísanir til Icesave-málsins, þótt það sé ekki nefnt beint. Það að málið sé enn óleyst hindrar ekki að aðildarviðræður hefjist, eins og fram kom hér í blaðinu í fyrradag. Hugsanlega gæti það seinkað þeim hluta viðræðnanna sem snýr að fjármálastofnunum.

Það sem skiptir þó meginmáli er að íslenzkt efnahagslíf þarf nauðsynlega á því að halda að Icesave-deilan leysist sem fyrst, alveg burtséð frá hugsanlegri ESB-aðild. Þeir sem enn telja að ástæða sé til að þvælast fyrir lausn málsins til að koma í veg fyrir ESB-aðild eftir nokkur ár valda landinu eingöngu skaða.

Almenningsálitið er nú ESB-aðild andsnúið. Það var það ekki fyrir ári og aftur getur orðið breyting á. Erfitt efnahagsástand í mörgum ESB-ríkjum og Icesave-deilan hafa haft sín áhrif á viðhorfið á Íslandi undanfarið. Efnahagurinn getur batnað og Icesave-deilan verður að leysast. Önnur staða kann að verða uppi þegar aðildarsamningurinn liggur fyrir. Fordæmi eru fyrir því, t.d. í Svíþjóð, að almenningsálitið sé aðild andsnúið á einhverju stigi aðildarferlisins, en þjóðin samþykki aðild engu að síður.

Annars er jákvætt hversu margir stjórnmálamenn, sem eru andsnúnir aðild að ESB, eru nú viðkvæmir fyrir almenningsálitinu eins og það kemur fram í könnunum. Þeir töldu ekki að neitt ætti að gera með það þegar þjóðin sagðist árum saman fylgjandi ESB-aðild í sams konar könnunum. Um það eru hins vegar allir sammála, að hin endanlega mæling almenningsálitsins er gerð með þjóðaratkvæðagreiðslu og niðurstaða hennar gildir.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871







## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Úps

Jóhönnu Sigurðardóttur varð á í messunni á Austurvelli í gærmorgun. Hún þuldi ræðu í tilefni af þjóðhátíðardeginum og fór rangt með fæðingarstað Jóns Sigurðssonar; sagði Hrafnseyri vera við Dýrafjörð en ekki Arnarfjörð. Óheppilegra verður það varla. Eins og tíðkast með æðstu ráðamenn hefur Jóhanna líklega ræðusmiði á sínum snærum. Sá sem á heiðurinn af þessu glappaskoti má eiga von á skömm í hatt sinn frá ráðherra, nú eða aðstoðarmanni hennar. Hafi hann ekki þegar fengið hana.



### Til upplýsingar

Skríbentum í forsætisráðuneytinu skal bent á það að í gær vígði afmælisnefnd Jóns Sigurðssonar, sem starfar á vegum forsætisráðuneytisins, vefinn jonsigurdsson.is. Þar má finna æviágrip hans og safn af myndum frá Hrafnseyri sem hægt er að nota til að glöggva sig á staðháttum í Arnarfirðinum.



### Guði sé lof

Skyssan ætti að verða vatn á myllu þeirra sem hvað ákafast berjast gegn Evrópustefnu ríkisstjórnarinnar. Ekki einasta hafi leiðtogaráð sambandsins leyft sér að samþykkja að hefja aðildarviðræður við Ísland á hinum háheilaga degi heldur hafi þjóðníðingurinn í forsætisráðuneytinu notað tækifærið og niðurlægt minningu sjálfstæðishetjunnar ofan í kaupið. Gera má ráð fyrir að málflutningur þjóðræknustu ákafamanna á Alþingi hefði verið eitthvað á þessa leið ef þingi hefði ekki þegar verið slitið flestum til heilla.

stigur@frettabladid.is

HALLDÓR




## Ein níðlaus vika?


Stjórnmál



Svavar Gestsson
fyrrverandi alþingismaður og ráðherra


Það er varla til svo lítið fyrirtæki á Íslandi að það hafi ekki svokallaðan almannatengil á sínum vegum. Stundum ganga þessir aðilar svo langt í að fegra fyrirtækin eða stofnanirnar sem þeir starfa fyrir að engu tali tekur. Ein stofnun á Íslandi hefur hins vegar brugðið á annað ráð. Þessi stofnun hefur 63 menn á fullum launum við að tala illa um stofnunina. Almannatenglarnir 63 tala ævinlega illa um vinnustaðinn sinn, þeir sjá aldrei neitt nema svarta bletti og vandamál þar sem þessi stofnun er annars vegar. Einn starfsmaður þessarar stofnunar komst þannig að orði á dögunum að stofnunin væri óþörf með öllu en tók samt ekki þá rökréttu ákvörðun að segja samstundis af sér störfum fyrir stofnunina.

Þessi stofnun er Alþingi Íslendinga. Hvernig væri að formenn þingflokkanna kæmu sér saman um eina níðlausa viku um Alþingi? Hvernig væri að forysta þingsins notaði þinghléið til þess að ferðast um landið í því skyni einu að kynna Alþingi og störf þess. Af hverju skyldi Alþingi vera eina stofnunin á Íslandi eða í heiminum sem ekki þarf á því að halda að sagt sé frá störfum þess með skipulegum og sanngjörnum hætti.

Þingmenn tala mikið um virðingarleysið fyrir Alþingi. Það skyldi þó ekki vera að virðingarleysið sé þingmönnunum að kenna?

Sigríður Ingibjörg Jónsdóttir alþingismaður spurði um það hvort ekki mætti læra af þjóðþingum grannlandanna. Það er vafalaust unnt. Síðasta breyting á þingsköpum var ekki til bóta þegar opnað var fyrir það að sami þingmaðurinn getur verið annar hver ræðumaður vikum saman og þingmönnum líðst nú að fara í andsvör við sjálfa sig. Svoleiðis fíflaskapur er fyrir neðan virðingu alþingismanna og Alþingis sjálfs.

Í fullri alvöru: Alþingi er æðsta stofnun þjóðarinnar. Alþingi er sameign þjóðarinnar, sameign sem aldrei verður seld. Eina stofnunin sem aldrei var einkavædd. Hún er að mörgu leyti eins og klukkan góða; tákn þess sem sameinar okkur. Ef Alþingi er brotið í duft fyrirlitningar og virðingarleysis með stóryrðaflaumi og popúlisma þá hefur þjóðin misst sinn besta vin, svo ég renni mér til Íslandsklukkunnar að lokum. Við skulum sameinast um það innan- sem utanþingsmenn að verja þingræðið. Það er oft seinvirkt og ósanngjarnt en það er ekkert til betra. Þingmenn á Alþingi Íslendinga þurfa að hætta að tala Alþingi niður í svaðið.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Ásælni óskast



Í DAG

Pawel Bartoszek
stærðfræðingur

Ég fæ æluflog í hvert skipti sem ég heyri þá orðnotkun að einhverjir útlendingar ásælist íslenskar auðlindir, fyrirtæki, eða eitthvað annað sem íslenskt er. Í fyrsta lagi vegna þetta er ekki satt og í öðru lagi myndum við gjarnan vilja að það væri það. Við þurfum einfaldlega fleiri erlendar fjárfestingar, erlend fyrirtæki, erlent fagfólk og þá reynslu sem öllu þessu fylgir.

### Forsíðufréttir af baksíðufréttum

Við spilum öll eðlilega stórt hlutverk í eigin lífi. Það er hins vegar ákveðin geðröskun að halda að maður spili jafnstórt hlutverk í lífi allra annarra, að aðrir séu uppteknir af því sem maður er að gera og því hvað manni finnst. Flestum öðrum er nefnilega slétt sama.

Ég bjó í Danmörku á þeim tíma sem Íslendingar voru „að kaupa upp allt“ í Danmörku eins og það þegar það hentar þeim. Íslenskir útvegsmenn eru þannig andvígir erlendri eignaraðild að sjávarútvegsfyrirtækjum, og hefur þeim tekist að binda þennan ótta við útlenska peninga í landslög. Að sjálfsögðu hefur þessi afstaða útvegsmanna ekkert að gera með velferð íslensku þjóðarinnar. Ef fjárfestingahöft í sjávarútvegi yrðu afnumin myndi það einfaldlega þýða að einhverjir sem eru hæfari til að reka sjávarútvegsfyrirtæki gætu eignast þau. Það vilja sérhagsmunaaðilarnir ekki.

Við höfum ekki efni á því að vera rasískir gagnvart erlendum fjárfestingum og sérstaklega getum við ekki sífellt lagst gegn því að útlendingar fjárfesti í þeim hlutum sem vit er í að fjárfesta hér á landi. Það finnst kannski mörgum fínt að einhver útlendingurinn byggi hér hótel eða Formúlu-1 braut. En að menn ætli sér að kaupa fiskitogara eða orkufyrirtæki? Skamm, skamm.

### Eins og í útlöndum

Leiðin út úr kreppunni á ekki að liggja í átt að lokuðu sjálfþurftarsamfélagi. Við verðum að byggja upp alþjóðlegra samfélag.

Ég vil sjá erlenda banka, eins og Danske Bank og Deutsche

> Íslenskir útvegsmenn eru þannig andvígir erlendri eignaraðild að sjávarútvegsfyrirtækjum, og hefur þeim tekist að binda þennan ótta við útlenska peninga í landslög. Að sjálfsögðu hefur þessi afstaða útvegsmanna ekkert að gera með velferð íslensku þjóðarinnar.

gjarnan var orðað. Vissulega var eitthvað um fréttir af fjárfestingum Íslendinga í þarlendum fjölmiðlum, en áhugi Íslendinga og íslenskra fjölmiðla á þessum áhuga var áreiðanlega margfalt meiri heldur áhugi Dana. Það getur nefnilega varla verið til merkis um að maður sé á allra vörum, ef fréttaflutningur af manni þykir fréttnæmur í sjálfu sér. Einhvern veginn efast ég um að New York Times sé fullt af fréttum af því að minnst hafi verið á New York í dönsku dagblaði.

Fréttafréttirnar verða líka misáberandi eftir því hvert viðfangsefnið er. Sigur Besta flokksins vakti líka ákveðna athygli í þeim erlendum vefmiðlum sem ég þekki til, en minna hefur borið á endursögnum þeirra frétta á Íslandi. Enda er línan í þeim fréttum einfaldlega sú að íslenskir kjósendur hefðu misst vitið.

Við þurfum að sjá okkur í réttu ljósi. Til að hafa sterka sjálfsmynd þarf maður fyrst að hafa rétta sjálfsmynd og svo rétta mynd af skoðun annarra á manni sjálfum. En það sem við fáum er Icelandair auglýsing sem spilar einmitt inn á eitthvað þveröfugt, hún sýnir útlendinga að segja hluti um okkur sem við gjarnan vildum að þeir segðu.

### Vondir útlenskir peningar

Ótti við erlendar fjárfestingar er rótgróinn hér sem víða annars staðar. Einhvern veginn líður mönnum betur að vita af því að sá sem á fyrirtæki hafi tengsl við landið, útlendingurinn blóðmjólkar bara kúna og fer, hugsa menn. Veruleikinn virðist ekki styðja þennan þankagang.

Hrunið var alíslenskt, íslenskir bankar í eigu Íslendinga fóru á hliðina og tóku önnur íslenski fyrirtæki í eigu Íslendinga með sér.

Meira erlent fjármagn hefði getað dempað dóminóáhrifin.

Venjulegir kapítalistar hugsa bara um að hámarka eigin hagnað, en ekki eitthvað annað, þó svo þeir geti spilað inn á ótta við erlent fjármagn og útlendinga Bank opna útibú á Íslandi. Ég vil sjá Aldi, Netto og Lidl í samkeppni við íslenskar matvörukeðjur. Ég vil sjá Ryanair og Easyjet fljúga til Íslands. Ég vil að Magasin du Nord og H&M opni í miðbænum.

Það er komið nóg af því að menn berji sér í brjóst og hrópi hátt: „við getum gert þetta sjálf“, þegar sannleikurinn er sá að við getum það líklegast ekki.






# Mikilvægur áfangi í sjálfstæðisbaráttunni

**Evrópumál**

Jón Karl Helgason
bókmenntafræðingur



Fyrir réttu ári síðan var verulegur meirihluti íslensku þjóðarinnar hlynntur því að teknar yrðu upp aðildarviðræður við Evrópusambandið. Í skoðanakönnun sem Morgunblaðið gerði á tímabilinu 28. maí til 4. júní 2009 og kynnti 13. júní kom fram að 57,9% atkvæðisbærra Íslendinga voru hlynnt aðildarviðræðum, 26,4% voru því mótfallin og 15,7% voru óákveðin. Þetta þýðir að rúmir 2/3 hlutar þeirra sem tóku afstöðu vildu hefja viðræður.

Íslensk stjórnvöld tóku mark á þessum óskum og hafa unnið síðustu tólf mánuði svo vel að þessu markmiði að á fundi sínum 17. júní ákvað leiðtogaráð Evrópusambandsins formlega að hefja aðildarviðræður við Ísland. Þetta eru góðar fréttir og viðeigandi að þessi ákvörðun hafi verið tekin á þjóðarhátíðardaginn, afmælisdegi Jóns Sigurðssonar, sem jafnframt er sá dagur sem íslenska lýðveldið var stofnað við hátíðlega athöfn á Þingvöllum árið 1944.

Staðreyndin er sú að sjálfstæðisbaráttunni lýkur aldrei. Litlar þjóðir eins og við Íslendingar þurfa stöðugt að leita nýrra leiða til að tryggja stöðu sína og sjálfstæði í ótryggum og síbreytilegum heimi. Þær eiga í grundvallaratriðum um tvennt að velja: Að treysta á einn öflugan bakhjarl (stóran bróður) eða vera þátttakendur í fjölþjóðlegu samstarfi jafningja (tilheyra öflugri fjölskyldu).

Við lýðveldisstofnun og raunar meirihluta lýðveldistímans var erlendur her í landinu og einn grundvallarþátturinn í íslenskri utanríkisstefnu snerist um að halda góðu sambandi við bandarísk stjórnvöld. Ætla má að einhliða ákvörðun tveggja ráðherra um að Ísland skyldi vera formlegur þátttakandi í innrásinni í Írak hafi verið tekin með þessa hagsmuni í huga en hún bar ekki þann árangur sem að var stefnt. Við getum ekki lengur treyst á Bandaríkin sem okkar stóra bróður. Vingjarnleg þjóðhátíðarkveðja Hillary Clinton breytir engu um þá staðreynd.

> Við getum ekki lengur treyst á Bandaríkin sem okkar stóra bróður. Vingjarnleg þjóðhátíðarkveðja Hillary Clinton breytir engu um þá staðreynd.

Nýlegur gjaldeyrisskiptasamningur við Kínverja og viljayfirlýsing um þátttöku þeirra í uppbyggingu íslensks orkuiðnaðar benda til þess að fleiri stórir bræður séu í veröldinni en um leið er ljóst að við Íslendingar þurfum að kanna til hlítar alla möguleika sem okkur bjóðast til að tryggja að hér geti áfram lifað sjálfstæð þjóð í siðuðu samfélagi, sem njóti efnahagslegrar og andlegrar velsældar og hafi hugsjónir um frelsi, jafnrétti og bræðralag í fyrirrúmi. Aðildarviðræðurnar við Evrópusambandið skipta afar miklu máli í því samhengi.

Hrun íslenska bankakerfisins haustið 2008 sýndi fram á veikleika íslensks samfélags, bankakerfisins, stjórnkerfisins og þess fyrirhyggju- og agaleysis sem við viljum stundum telja okkur til tekna. En um leið sýndi það fram á galla samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og þeirrar fjarstæðu sem er í því falin að ætla að halda úti sjálfstæðum örsmáum gjaldmiðli á opnum fjármálamarkaði. Í samningum fólst auk þess veigameira framsal á fullveldi þjóðarinnar en í fullri aðild. Sem aðildarþjóð værum við virkir þátttakendur í öllum þeim ákvörðunum sem teknar eru á vettvangi sambandsins; eins og er erum við algjörlega áhrifalaus.

Ég er í hópi þeirra sem bind vonir við að aðildarviðræðurnar við Evrópusambandið skili góðri niðurstöðu fyrir okkur Íslendinga. Viðræðurnar marka nýtt spor í sjálfstæðisbaráttunni. Ef niðurstaða þeirra er góð getur hún tryggt stöðu og áhrif Íslands í samfélagi þjóðanna og eflt okkur til framtíðar.

# Þér kemur það við

**Ölvunarakstur**

Gunnar Þór Einarsson
fv. formaður Ungmennahreyfingar IOGT á Íslandi

Ölvunarakstur er eitt af stærstu heilbrigðisvandamálum þjóðarinnar. Varla þarf að fara mörgum orðum um réttmæti þeirrar fullyrðingar – enda er það sannað að fjórða hvert banaslys á Íslandi tengist ölvunarakstri á einn eða annan hátt auk þess sem stóran hluta alvarlegra slysa má rekja til þess að ökumaður var drukkinn. Líklega hefði mátt koma í veg fyrir marga harmleiki götunnar ef tekist hefði að stöðva ökumennina áður en slys hlutust af.

Láttu vita. Því miður virðist sem sumir veigri sér við að tilkynna til lögreglu ef þeir verða þess varir að ölvaður maður sest upp í bíl. Þetta á sérstaklega við ef hinn ölvaði er fjölskyldumeðlimur eða vinnufélagi en þá vilja margir loka augunum og telja að þeim „komi ekki við“ hvað aðrir aðhafast. Slík viðhorf eru ekki aðeins ámælisverð – heldur beinlínis stórhættuleg. Hver myndi láta undir höfuð leggjast að tilkynna um eftirlýstan ofbeldismann eða innbrotsþjóf sem staðinn er að verki? Líkingin er að því leyti til réttmæt að þeir sem beita fólk líkamlegu ofbeldi og þeir sem setjast undir stýri ölvaðir, ógna umhverfi sínu og geta skaðað saklaust fólk; fólk sem allt eins gæti verið nákomið þeim sem veigraði sér við að hringja til lögreglunnar, 112 og tilkynna um athæfið. Umferðarslysin fara nefnilega ekki í manngreinarálit.

Mikilvægur þáttur til að sporna við ölvunarakstri er að nóg sé af edrú ökumönnum. Fram hefur komið að ölvunarakstur sé mikið vandamál úti á landsbyggðinni þar sem það þykir nánast sjálfsagt að aka ölvaður heim af ballinu eða kránni. Í ýmsum bæjarfélögum er löggæsla lítil á nóttunni og löggæslusvæðið stórt sem lögreglumennirnir á staðnum þurfa að sinna. Ef lögreglan þarf að sinna útkalli um langan veg geta ölvaðir ökumenn, og aðrir afbrotamenn umferðarinnar, athafnað sig að vild án þess að eiga á hættu að mæta lögreglubíl. Sumir þeirra hafa þegar komist í skýrslur Umferðarráðs yfir „mikið slasaða“ og allt of margir komast á skrá yfir „látna í umferðinni“ – eða það sem verra er; eru valdir að dauða eða örkumli farþega sinna. Framboð edrú ökumanna og viðurkenning á að þeirra sé þörf er mikilvæg. Áminning til þeirra sem eru að skemmta sér um að aka ekki undir áhrifum hjálpar.

Þótt öflug löggæsla sé mjög mikilvæg leið til þess að sporna við ölvunarakstri telja því miður alltof margir að það sé „í lagi“ að aka undir áhrifum áfengis svo fremi að þeir verði ekki á vegi lögreglunnar. Slíkur hugsunarháttur er ekki bara siðlaus – heldur beinlínis lífshættulegur.



# Vanskil á vörslusköttum

Skattmál

Grétar Hannesson
lögmaður

Fjölmörg fyrirtæki eiga í rekstrarerfiðleikum. Í þeirri stöðu getur verið freistandi að nýta alla fjármuni sem fara í gegnum reikninga fyrirtækis til að halda hjólum gangandi. Geta þá safnast upp skuldir vegna vanskila á vörslusköttum, en það eru þeir skattar sem lagðir eru á vöru og þjónustu og söluaðila ber að innheimta og skila til ríkissjóðs. Refsivert er að gera ekki skil á vörslusköttum til ríkissjóðs. Þetta eru þeir skattar sem gjarnan hafa verið kallaðir „rimlagjöld“. Helst ber þar að nefna virðisaukaskatt, staðgreiðslu og tryggingargjald.

Ef vanskil vörsluskatta nema hærri fjárhæð en sem nemur 3-4 milljónum getur það talist „meiri háttar brot“ í skilningi 262. gr. almennra hegningarlaga og getur þar með varðað fangelsi allt að 6 árum. Í mörgum tilvikum hafa eigendur fyrirtækja sætt ákæru og verið dæmdir til fangelsisrefsingar, sem þó er yfirleitt skilorðsbundinn ef umræddar fjárhæðir eru ekki þeim mun hærri og brotin alvarlegri, auk greiðslu þungra sekta.

Í lögum um virðisaukaskatt er að finna ákvæði um fésektarlágmörk sem eru afar íþyngjandi. Í 40. gr. laga um virðisaukaskatt, sem er sambærilegt við 30. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, kemur fram að skattskyldur aðili skuli greiða fésekt allt að tífaldri þeirri skattfjárhæð sem undan var dregin eða vanrækt var greiðsla á og aldrei lægri fésekt en nemur tvöfaldri þessari skattfjárhæð. Í 2. mgr. 40. gr. er þó að finna undanþágu, hafi brot einskorðast við að standa ekki skil á réttilega tilgreindum virðisaukaskatti samkvæmt virðisaukaskattsskýrslu. Í dómaframkvæmd hefur almennt verið litið svo á að ef greitt hefur verið meira en sem nemur einum þriðja útistandandi skattfjárhæðar þá teljist það verulegur hluti skattfjárhæðar og þar með litið svo á að framangreint fésektarlágmark eigi ekki við.

Nýleg lög um greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri, er nýtt úrræði. Samkvæmt lögunum geta aðilar sem eru í vanskilum með tiltekna vörsluskatta sem hafa gjaldfallið fyrir 1. janúar 2010, sótt um frest til greiðsluuppgjörs á þeim vanskilum til 1. júlí 2011. Ýmis skilyrði eru sett fyrir því að heimilt sé að nýta sér frest til greiðsluuppgjörs. Uppfylli umsækjandi öll skilyrði er tollstjóra heimilt að samþykkja útgáfu skuldabréfs til greiðslu þeirra skatta og gjalda sem voru í fresti til greiðsluuppgjörs. Skuldabréfið skal vera til fimm ára, verðtryggt án vaxta, með jöfnum mánaðarlegum afborgunum.

Því ættu forsvarsmenn fyrirtækja og aðilar í eigin rekstri sem skulda vörsluskatta að leita allra leiða til að greiða umræddar fjárhæðir, semja við innheimtumenn ríkissjóðs eða leita eftir gjaldfresti. Hægt er að leita liðsinnis lögmanna við að semja við innheimtumenn opinberra gjalda, eða til að meta hvort fyrirtæki uppfylli skilyrði laga um greiðsluuppgjör. Ef þess er ekki að vænta að greiðsluörðugleikar muni líða hjá innan skamms tíma er ráðlegast að grípa til viðeigandi úrræða, t.d. að gefa fyrirtækið upp til gjaldþrotaskipta, eða leita aðstoðar áður en vandinn verður óyfirstíganlegur eða þeir kunna að baka sér frekari refsiábyrgð.






**STEFÁN BALDURSSON ÓPERUSTJÓRI ER 66 ÁRA**

*„Látum eftir okkur að staldra við stund og stund.“*

***Stefán hefur starfað sem leikstjóri í yfir þrjá áratugi. Á árunum 1980 til 87 gegndi hann leikhússtjóra leikfélags Reykjavíkur í Iðnó og var síðar þjóðleikhússtjóri 1991 til 2005. Stefán tók við starfi óperustjóra Íslensku óperunnar árið 2007.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 18. JÚNÍ ÁRIÐ 1936**

## *Konungur kemur í heimsókn*

Kristján 10. Danakonungur kom til Reykjavíkur þennan dag fyrir 64 árum með fríðu föruneyti. Þetta var síðasta heimsókn konungshjónanna til landsins en í þessari ferð fóru þau víðar um landið, meðal annars norður í land.

Kristján var konungur Danmerkur frá 1912 til 1947 og var einnig konungur Íslands þar til Íslendingar stofnuðu lýðveldi árið 1944. Sagan segir að Kristjáni hafi sárnað mjög að Íslendingar skyldu lýsa yfir sjálfstæði meðan Danmörk var hernumin af Þjóðverjum en sendi þó skeyti þar sem hann óskaði landi og þjóð velfarnaðar.

Kristján var bróðir Karls Danaprins, sem varð Hákon 7. Noregskonungur árið 1905. Kristján þótti skyldurækinn en jafnframt alvörugefinn og mynduglegur. Hann var fyrstur Danakonunga til að ljúka stúdentsprófi en því lauk hann árið 1889. Hann gegndi einnig herþjónustu í ýmsum herdeildum og varð krónprins árið 1906 þegar faðir hans, Friðrik 8. varð konungur. Sjálfur var hann krýndur konungur árið 1912 eftir að faðir hans lést.



Kristján þótti stórlyndur og upptekinn af virðingu konungsdæmisins. Þrátt fyrir það var hann virtur af þegnum sínum og var vinsælastur Danakonunga. Hann lést árið 1947.

## MERKISATBURÐIR

1000 Kristniboðarnir Gissur hvíti Teitsson og Hjalti Skeggjason taka land í Heimaey og skipa upp viði í kirkju sem Ólafur konungur boðaði að reist skyldi þar sem þeir kæmu fyrst í land.

1815 Napóleon er gersigraður við Waterloo.

1940 Hitler og Mussolini funda í München.

1955 Þrír bræður frá Hvítárbakka í Biskupstungum kvænast þremur systrum úr Austurhlíð í sömu sveit.

1983 Fyrsta bandaríska konan flýgur út í geim tuttugu árum eftir að fyrsta rússneska konan fór út í geim.




Sendi innilegar þakkir til þeirra fjölmörgu góðu vina sem glöddu mig með margvíslegum hætti á afmæli mínu , þ. 14. apríl sl.

Hjartanlegar kveðjur til ykkar allra

**Ólöf Pálsdóttir**





†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðbrandur Sveinsson**

Unhól, Þykkvabæ,

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Lundi, Hellu, þriðjudaginn 15. júní. Útförin fer fram frá Þykkvabæjarkirkju laugardaginn 26. júní, kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vildu minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið í Rangárvallasýslu.

**Sigurfinna Pálmarsdóttir**
**Pálína Svanhvít Guðbrandsdóttir** **Birgir Óskarsson**
**Pálmar Hörður Guðbrandsson** **Jóna Elísabet Sverrisdóttir**
**Heiðrún Björk Guðbrandsdóttir** **Kristján Ólafur Hilmarsson**
**Sigríður Guðbrandsdóttir** **Valtýr Georgsson**
**Sveinn Guðbrandsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**





†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samhug og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns og föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Tómasar P. Óskarssonar**

Sóltúni 13, Reykjavík.

**Karitas Jensen**
**Steinunn Margrét Tómasdóttir** **Aðalsteinn Karlsson**
**Þórunn Elín Tómasdóttir** **Kjartan Jónsson**
**Bryndís María Tómasdóttir** **Thomas Möller**
**Lára Anna Tómasdóttir** **Hörður Jón Gærdbo**
**Óskar Már Tómasson** **Auður Pálmadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**





**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

SKRÚÐGARÐAKEPPNI Í FINNLANDI: FENGU FYRSTU VERÐLAUN

# Skrúðgarðyrkja æ vinsælli

Guðmundur Vignir Þórðarson og Birgir Axelsson, nýútskrifaðir skrúðgarðyrkjufræðingar frá Landbúnaðarháskóla Íslands, unnu fyrstu verðlaun í keppni í skrúðgarðyrkju í Finnlandi í síðustu viku. Félagarnir öttu kappi við fimm nemendalið frá finnska skólanum Axxell Överby og eitt kennaralið frá sama skóla en þeir voru einu Íslendingarnir í keppninni. Þetta var jafnframt í fyrsta sinn sem Íslendingar keppa í þessu fagi erlendis.

„Við tókum þátt í Skills Iceland-keppninni hér á landi í mars þar sem ég varð í 1. sæti og Birgir í 2. sæti af fimm keppendum,“ útskýrir Guðmundur. „Í framhaldinu var okkur boðið að taka þátt í keppninni í Finnlandi en þeir voru að setja saman keppni fyrir eldri aðila en komast að í skills-keppnunum.“

Keppnin fólst í því að allir hóparnir fengu sömu teikninguna af 25 fermetra grunnsvæði sem þeir áttu síðan að helluleggja eftir kúnstarinnar reglum, leggja þrep og gróðursetja blóm. Guðmundur segir þá félaga hafa unnið vel saman og það hafi skipt máli í stigagjöfinni.

„Verkefnið fólst meðal annars í að leggja úr sápusteini sem er mjúkur steinn sem rispast auðveldlega en er mjög fallegur. Svo gátum við valið okkur stóra náttúruflögu af grjóti óreglulega í laginu sem við þurftum að fella inn í svæðið og höggva í kringum hana. Finnsku liðin voru búin að læra meira um blómin en við en við vorum hins vegar mjög snöggir og vissum hvernig við áttum að gera þetta og vorum nákvæmir. Við gerðum þó einhverjar smá vitleysur í munstrinu í hellulögninni og gerðum annað munstur. En það var líka fallegt svo við fengum ekki mikinn mínus fyrir það.“

Námið í skrúðgarðyrkju tekur tvö ár við Landbúnaðarháskóla Íslands og eftir það tekur við 17 mánaða starfsnám hjá skrúðgarðyrkjumeistara. Undanfarin ár hafa útskrifast um fjórir nemendur en í ár útskrifuðust níu úr faginu og fleiri munu útskrifast um áramótin. Guðmundur segir fagið í sókn og þakkar það góðu umhaldi og markvissri kennsluskrá. Hann segir væntun á faglærðum skrúðgarðyrkjufræðingum og nóg sé um atvinnu.

„Ég rek sjálfur eigið fyrirtæki og vantar fleiri klukkustundir í sólarhringinn svo það er nóg að gera. Í náminu lærum við allt í sambandi við gerð lóða og gróður. Stór hluti námsins er um hellulagnir og hleðslur og til dæmis lærum við gamlar aðferðir við torfhleðslur og grjóthleðslur. Það er frábært að fá tækifæri til aðlæra gamalt íslenskt handverk sem má ekki gleymast.“

Spurður um þýðingu verðlaunanna segir Guðmundur þau segja til um hvar íslensk skrúðgarðyrkja standi í samanburði við það sem best gerist erlendis. „Þetta sýnir að við erum mjög framarlega og skilum af okkur góðum vinnubrögðum. Vonandi verður gert meira af því að fara utan í svona keppnir því við lærðum á að sjá hvernig aðrir gera hlutina.“ **heida@frettabladid.is**



**UNNUM VEL SAMAN** Guðmundur Vignir Þórðarson og Birgir Axelsson nýútskrifaðir skrúðgarðyrkjufræðingar unnu fyrstu verðlaun í keppni í Finnlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Kvennahlaup frá Hrafnistu

Heimiliskonurnar á Hrafnistu ætla fara sitt árlega kvennahlaup í dag klukkan 13. Þær leggja af stað degi fyrr heldur en konur í kvennahlaupi ÍSÍ og Sjóvár.

Á Hrafnistu í Hafnarfirði verður boðið upp á þrjár mismunandi vegalengdir, þrjú hundruð metra, einn kílómetra og svo einn og hálfan. Í Reykjavík verða hins vegar í boði tvær vegalengdir, þrjú hundruð metrar og einn kílómetri. Að loknu hlaupinu verður boðið upp á hressingu.

Þátttaka í kvennahlaupi Hrafnistu hefur ávallt verið mjög góð og í fyrra tóku vel á annað hundrað konur þátt, sumar voru að nálgast hundrað árin.

**- mmf**



**KVENNAHLAUP** Hrafnistukonur í Hafnarfirði voru um áttatíu í hlaupinu í fyrra. MYND/HRAFNISTA





Gjafabréf Perlunnar
Góð tækifærisgjöf!



4ra rétta tilboðsseðill

Umsóknum skal skilað til Fiskistofu á eyðublaði sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar (fiskistofa.is), og þar eru ofangreindur reglur einnig aðgengilegar. Umsóknarfrestur er til og með 1. júlí 2010.

Fiskistofa, 16. júní 2010.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald



**Yndislegir dverg Schnauzer hvolpar til sölu.**
Afhendast ættbókafærðir frá HRFÍ, heilsufarsskoðaðir, örmerktir og bólusettir. Foreldrar hafa unnið til verðlauna á sýningum. Upplýsingar í 697 8333.



Hreinræktaðir rottweiler hvolpar til sölu! Afhendast heilsufarssk, örmerktir og með ættbók s: 662-3860



Dvergschnauzer hvolpar til sölu. Ættbók HRFÍ. Eigum eftir tíkur. sími 8996555

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðalög



Sveitadvöl í Vatnsholti 20-25 Júní eða 27-02 Júlí fyrir krakka 6-13 ára. Uppl. S. 899 7748 Margrét.

## Fyrir veiðimenn

**Góðir maðkar**
Til sölu! Silungs og Laxa. Margra ára reynsla. S. 692 5133 & 841 7139.

## Ýmislegt




# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði




**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Nýstandsett 48fm íbúð til leigu að Súðarvogi 7 3ja hæð. Ekki með húsaleigubótum. Laus strax. Uppl. í s. 862 6679 & 824 3040.

Glæsileg 3-4 herb lúxusíbúð í Skuggahverfinu til leigu. Uppl: skuggaibud@gmail.com, 694 3113

Íbúð til leigu í Kaupmannahöfn í júlí og ágúst andri_gudlaugss@hotmail.com

## Húsnæði óskast

Óska eftir 4 herbergja íbúð í langtímaleigu í Kórahverfinu flutningur@visir.is

## Sumarbústaðir



Til sölu 15,5 m2 gestahús. Húsin eru smíðuð af nemendum Byggingartækniskólans og eru vönduð í alla staði. Verð frá 1.050.000. Uppl. í s. 824 6515 / ghr@tskoli.is. Sjá myndir inn á http://www.flickr.com/photos/51177310@N07/

Til leigu glæsilegur sumarbústaður í Vaðlaborgum gegnt Akureyri.Gisting fyrir 8 manns.Uppl. í síma 869 6190 eða netfang disa@bogt.is

Sumarhús á Seyðisfirði til leigu. Viku í senn, hægt að sjá nánar á facebook- sumarhús á Seyðisfirði. Uppl. 895 4948 & 846 1206.

Til leigu sumarhús í Borgarbyggð, gisting fyrir allt að 10.manns, skjólgóður garður, heitur pottur,veiði. V. kr 30þ. vikan. Uppl hjá eignaland@gmail.com

## Atvinnuhúsnæði

Skrifstofu húsnæði til leigu að Súðarvogi 7 á fyrstu hæð. Er um 50fm skriftstofu/ verslunarhúsnæði til leigu. Á annari hæð eru tvö 18fm skrifstofuherbergi í sameign með aðgang að fundarsal. Uppl. í S. 824 3040 & 862 6679

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**HÖFÐABÍLAR**
... þar sem bílar seljast

Höfðabílar óskar eftir sölumanni. Uppl. gefur Bæring eða Högni á staðnum Fosshals 27, 110 hofdabilar@hofdabilar.is

Íbúða hótel í miðbæ Reykjavíkur óskar eftir fólki í þrif á íbúðum og til móttöku gesta. Viðkomandi þarf að hafa ríka þjónustulund og góða ensku kunnáttu. Reynsla af hótelstörfum æskileg. Framtíðarstörf og summarstörf eru í boði. Vaktavinna. Vinsamlega sendið umsóknir til: home@this.is

Nýr skemmtistaður óskar eftir fólki í allar stöður. Þarf að geta hafið störf sem fyrst. Umsóknir með mynd sendist á steinisax@gmail.com

Veitingahús í HFJ ó.e fólki í hlutastarf í sal. Íslenska skilyrði. Uppl. í S. 822 5229

## Atvinna óskast

Maður um sextugt ó.e vinnu við akstur. Er með öll ökuréttindi. Uppl. í S. 843 8915

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Spjalldömur 908 1616**

**Opið þegar þér hentar.**

**908 1616.**

Símavinkonur Dömurnar á Rauða Torginu eru yndislegur og síbreytilegur hópur kvenna sem elska símadaður. Hver verður vinkona þín í kvöld? Símar 908-6000 (símatorg) og 535-9999 (kreditkort).

Karlmaður sem er alveg gríðarlega spenntur vill kynnast karlmanni. Augl. hans er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8925.

**PurpleRabbit.eu**
Íslenzk náttúra! Heit stefnumót, djörf samskipti, og sífellt flottari og fjölbreyttari myndir! Hefur þú heimsótt kanínuna...í dag?

Kona á besta aldri vill kynnast manni með náin kynni í huga, 57 ára og eldri. Augl. hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8941.

47 ára stelpustrákur vill hitta eldri karlmann. Augl. hans er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8158.

ER Á LANDINU NÚNA !!!!!!

SAMA NÚMER......

ÁSTARKVEÐJA, VIAGGA.

Til sölu Hilux 94' 2,4 bensin ek, 210 þús,32"dekk,nýleg kúpling,verð 390 þús, sími 863 0206.














ÍSLENSKA
HAMBORGARAFABRIKKAN
2010
GRILL
HAMBORGARAR
FABRIKKUNNAR
Fabrikkuborgarinn er stolt
Hamborgarafabrikkunnar
Hann er 120 gr. úr 100% fyrsta
flokks ungnautakjöti
Í pakkanum eru tveir Fabrikkuborgarar,
tvö ferhyrnd Fabrikkubrauð, Fabrikkusósa,
salt og pipar
HAMBORGARAFABRIKKAN
ER KOMIN Í HAGKAUP!
995 kr.
pakkinn
HAGKAUP
Ein ferð betra verð
TILBOÐ 25% afsláttur við kassa
1.724 kr/kg.
Merkt verð 2.298.-
Grilllambalæri Hagkaups
að hætti landsliðs matreiðslumeistara
ÍSLANDS GRÍS
TILBOÐ 30% afsláttur við kassa
1.747 kr/kg.
Merkt verð 2.495.-
Svínalundir
kryddlegnar
Holta
TILBOÐ 35% afsláttur við kassa
647 kr/kg.
Merkt verð 995.-
Kjúklingaleggir
í Texas kryddlegi
Holta
TILBOÐ 25% afsláttur við kassa
1.946 kr/kg.
Merkt verð 2.595.-
Kjúklingalundir
ferskar
Jói FEL
JÓI FEL
GRILLSÓSUR
Dijon hunangssósa
Basil & hvítlaukssósa
Rósapiparsósa
TILBOÐ
KJÚKLINGA VÆNGIR 2 TEG.
399 kr/pk.
TILBOÐ
MYLLU MÖFFINS
129 kr/stk.
25% meira magn
TILBOÐ
MYLLU KANILSNÚÐAR
293 kr/pk.
TILBOÐ
CADBURY SÚKKULAÐI
399 kr/stk.
Eld Bökuð
+
TILBOÐ
16" PIZZA + 2 LTR. COKE
1.098 kr
TILBOÐ
RISA BRAUÐ
199 kr/stk.
Handklæði fylgir!
TILBOÐ
COKE 2 LTR. 4 Í PAKKA
899 kr/pk.
24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær
Gildir til 20. júní á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð






# Stríðum vinum

**BAKÞANKAR** Brynhildar Björnsdóttir



Í dag er átjándi júní um allt land. Sem þýðir að í gær var sautjándi júní um allt land og gott ef ekki allan heim líka. Ísland var örugglega víðgóma um heiminn þveran og endilangan í gær. Ég sé fyrir mér umræðurnar á kaffistofunum á vinnustöðum utan landsteinanna þar sem var auðvitað ekki frí heldur bara venjulegur vinnudagur: „Hey, það er þjóðhátíðardagur Íslendinga í dag. Skyldi vera hætt að gjósa hjá þeim? En hrynja? Eiga þeir enn þá fallegustu konurnar og besta fiskinn?

**HEITASTA** vatnið? Eigum við að taka þá inn í félagið? Best að kíkja aðeins aftur á myndbandið sem ég fékk um daginn frá Íslandi, dansinn við frumskógartrommuna. Eru frumskógar á Íslandi?“

**AÐ** bera á góma er annars sérkennilegt orðatiltæki og merkir að vera í umræðunni. En hvað þýðir það eiginlega? Þýðir það að orðin liggi á tanngómunum, svona eins og þegar þau eru á allra vörum? Eða eru það fingurgómarnir sem orðin eru borin á og hvort eru þau þá borin á eins og krem eða borin á fingurgómum sér eins og dýrmætt postulín? Orðtök eru vandskilin en kannski er það einmitt þess vegna sem gaman er að nota þau og jafnvel snúa út úr þeim.

**OG** ljóð geta verið torræð líka. Ég eyddi gærdeginum í að syngja Öxar við ána með fjögurra ára dóttur minni sem finnst lagið það skemmtilegasta í heimi og kann allan textann mjög samviskusamlega en hefur ekki hugmynd um hvað hann þýðir. Sjálf man ég eftir að hafa séð fyrir mér umfangsmikið skógarhögg við ónefnda á og það einnig löngu eftir að ég vissi að sögnin að öxa væri ekki til og hefði aldrei verið til í íslensku máli. Það var líka þetta með að skjóta fánanum í geimflaug til tunglsins. Og svo þetta með að stríða vinum sínum. Hvers konar boðskapur er það eiginlega í ljóði sem einna helst er sungið í skrúðgöngu á sautjánda júní?

**ÍSLENSK** tunga er dásamleg. Svo full af orðum og hljóðum og blæbrigðum og litum og myndum. Og ekkert mál að skilja eða misskilja málið eins og hverjum og einum hentar. Þannig læra börnin að fyrir þeim sé haft.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes



**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Snýst um að halda lífi í Kvosinni

„Þetta snýst um að halda lífi í Kvosinni og gefa ungum og upprennandi tónlistarmönnum tækifæri til að koma fram,“ segir Teitur Björgvinsson, einn af skipuleggjendum tónlistarhátíðarinnar Músmos.

Músmos verður haldin í þriðja skipti í Kvosinni í Mosfellsbæ klukkan 15 á morgun. Fjölmargar hljómsveitir koma fram og flestar eiga þær sameiginlegt að tengjast Mosfellsbæ á einn eða annan hátt, en þessar hljómsveitir eru: Mystur, Snjólugt, Cancer City, St. Peter the Leader, Endless Dark, Of Monsters and Men, For a Minor Reflection og söngkonunar María Ólafsdóttir og Hreindís Ylfa.

„Eina hljómsveitin sem hefur ekki tengingu við Mosfellsbæ er Endless Dark,“ segir Teitur. „Okkur langaði að hafa þekktari og stærri hljómsveit með til að þessar ungu og upprennandi hljómsveitir fái tækifæri til að spila með þeim. Svo að þetta sé meiri spenna fyrir ungu hljómsveitirnar. Hljómsveitirnar hafa iðulega haft einhverja tengingu – þó að það sé ekki algjör skylda. Við höfum gaman af því að styðja við unga tónlistarmenn í Mosfellsbæ.“

Teitur hefur sjálfur komið fram í Kvosinni. Hann segir svæðið fullkomið fyrir tónleikahald og Kvosin sé uppáhaldstónleikasvæði hljómsveitarinnar We Made God, en meðlimir hennar hafa mært Kvosina í viðtölum við erlenda fjölmiðla.

En er ekki hátíðin opin fólki frá öllum landsvæðum?

„Algjörlega. Við hvetjum sem flesta til að koma,“ segir Teitur.

- afb



**ÞÉTTIR** Endless Dark kemur fram á tónlistarhátíðinni Músmos í Kvosinni í Mosfellsbæ á morgun.



**STYRKJA TÞM** GusGus kemur fram á Sódómu í kvöld til styrktar TÞM.

# Baráttutónleikar TÞM

**Eins og Fréttablaðið greindi frá á dögunum þá stendur til að bera starfsemi Tónlistarþróunarmiðstöðvarinnar (TÞM) úti á Granda út vegna fjárhagsvandræða. TÞM hýsir fjölmarga tónlistarmenn og hefur gert síðustu ár.**

**Tvennir tónleikar verða haldnir í kvöld og á morgun til að styrkja TÞM og leggja baráttunni um að fá Reykjavíkurborg til að koma til móts við aðstandendur hússins lið. Fyrri tónleikarnir eru styrktartónleikar og hefjast klukkan 22 á Sódómu í kvöld. 1.000 krónur kostar inn á tónleikana og DJ Vector, Sykur, Quadruplos og Gus Gus koma fram.**

**Baráttu- og mótmælatónleikar TÞM fara svo fram á bílastæðinu fyrir framan húsið á Hólmaslóð 2 á morgun klukkan 22. Frítt er á tónleikana og ekkert aldurstakmark. Þeir sem koma fram eru: Feldberg, Nolo, Legend, Lay Low, Móri, Marlon og Beatur, Futuregrapher, Biogen, Quadruplos, Sudden Weather Change, Dark Harvest og Momentum.**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 18. júní 2010**

### ➜ Sýningar

**22.00** Í Valaskjálf, Egilsstöðum, verður leikritið Hellisbúinn sýnt, með leikaranum Jóhannesi Hauki Jóhannessyni í fararbroddi. Aðeins er um eina sýningu að ræða. Miðasala er á www.midi.is

Páll Haukur Björnsson frumsýnir verk sitt „Hin þrááta endurtekning og Kúreki“, en verkið er hreyfanlegur listviðburður sem ýtir undir notkun dreifingarmiðla. Til að fá nánari upplýsingar um verkið og sýningar má senda fyrirspurn á frafl@frafl.is

### ➜ Dansleikir

**23.00** Á Akureyri spila Papar fyrir dansi í Vélsmiðjunni. Húsið opnar kl. 23.00, en konur fá frítt inn til miðnættis í tilefni kvennréttindadagsins. Nánari upplýsingar má finna á www.prime.is og í Vélsmiðjunni, Akureyri.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.**





KONUR
ERU KONUM BESTAR

VIÐ TRYGGJUM
STÓRA SEM SMÁA

50% afsláttur af Barnatryggingu og Líftryggingu hjá Sjóvá

Í tilefni af Sjóvá kvennahlaupi ÍSÍ býðst þátttakendum að taka þátt í skemmtilegum leik þar sem glæsilegir vinningar eru í boði. Allar konur sem taka þátt í leiknum fá 50% afslátt af Barnatryggingu og Líftryggingu hjá Sjóvá. Það eina sem þú þarft að gera er að fylla út umsókn á þínum hlaupastað og þú gætir unnið 30.000 kr. gjafakort að eigin vali, dekurdag í Laugum Spa eða aðra veglega aukavinninga.

Sjóvá er stolt af því að vera aðal styrktaraðili
Sjóvá kvennahlaups ÍSÍ 18. árið í röð.

WWW.SJOVA.IS

SJÓVÁ KVENNAHLAUP ÍSÍ

SJÓVÁ

HV TA H SI-/S A 10-0524


20% AF ÖLLUM BURNY GRILLUM
Gæða gasgrill
Burny Sizzler 200
10.0 kW
Grillflötur 44x50 sm.
Hitagrind 44x14 sm
2 ryðfríir brennarar
Flame tamer hlíf
yfir brennurum
Postulínsemelerað
lok, grill og grillgrind
sem varnar ryðmyndun.
3000272
47.900
59.900
20% AF ÖLLUM GRILLÁHÖLDUM
Garðborð
Með áföstum bekkjum.
Ósamsett.
600242
16.990
GARÐ PARTÝ
TRUENORTH
4.999
5.999
Flíspeysur
Dömu, svartar, rauðar og hvítar
Herra, svartar, grænar & gráar
5863738 - 5863740 & 5863750 - 5863752
ÚTIVISTAR-FATNAÐUR
MIKIÐ ÚRVAL
4.999
5.999
Regn & vindjakki
Nokkrir litir dömu, herra og barna.
Vindbuxur í stíl aðeins 3.999 kr.
5868030 - 88
22.900
27.990
Garðsett
80 sm borð með 4 stólum
3899138
15% AF ÖLLUM GARÐHÚSGÖGNUM
Vatnsglös 6 stk
2000908
499
20% AF ÖLLUM LEIKFÖNGUM
Plastborðbúnaður
í tösku 24 stk.
fáanlegt í 4 litum
2005394
1.799
25.490
29.990
Rafmagnssláttuvél
B&D
35 ltr. safnara, 1200 W.
Miðlæg hæðarstilling.
34 sm sláttubreidd
5085134
BLACK& DECKER
Látum verkin tala!
Tilboð gilda um helgina
Timburmiðstöð Grafarholti opið til 18:00 alla daga
Verslun Skútuvogi, opið til 21:00 alla daga
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
HÚSASMIÐJAN

# TAX FREE

AÐEINS UM HELGINA

## ALLAR GARÐPLÖNTUR













**TAX FREE ALLAR GARÐPLÖNTUR MIKIÐ ÚRVAL!**

TRJÁPLÖNTUR • SUMARBLÓM • MATJURTIR • FJÖLÆRAR PLÖNTUR



GARÐÁLFAR VERÐ FRÁ **1499**



**30%** AF VÖLDUM ÚTIPOTTUM (FROSTÞOLNIR)

...saman í 40 ár

blómaval

WWW.BLOMAVAL.IS

Gildir ekki af öðrum tilboðum og að sjálfsögðu stendur Blómaval skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs

## >KORTINU HAFNAÐ

Skötuhjúin Ashton Kutcher og Demi Moore brugðu sér í bíó á dögunum. Þegar þau ætluðu að greiða fyrir poppið og nammið var kortinu þeirra hafnað. Það er gott að vera frægur og vaktstjóri bíósins rauk til og gaf þeim góssið.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Ég er engin glyðra

Táningsstjarnan Miley Cyrus hefur hneykslað marga með klæðaburði sínum á sviði undanfarið, en hann þykir afar ögrandi. Þá hefur farið fyrir brjóstið á mörgum þegar hún rekur kvenkyns dansara rembingskoss á munninn á sviði.

„Ég er ekki að reyna að vera glyðruleg," segir Cyrus í nýju viðtali. „Ég fer ekki á skemmtistaði til að ná mér í fullt af gaurum."

Miley kemst reyndar ekki enn þá inn á skemmtistaði þar sem hún er aðeins 17 ára gömul. Hún segist vilja að klæðaburðurinn á sviði rími við nýju plötuna hennar sem kemur út í júní. Platan heitir Can't Be Tamed eða Ótemja. „Mér líður vel í líkamanum og ég eyði mikilli orku í að vera í góðu formi svo ég geti klætt mig þannig að mér líði vel. Mér líður betur þegar ég er fáklædd, þannig hef ég alltaf verið. Nú hef ég meira frelsi en áður enda klæddi ég mig ekki svona fyrir fimm árum."

Cyrus segist aðeins vera að reyna að selja plötur, en þvertekur fyrir að klæðaburðurinn einn eigi að sjá um það. „Ég vil að fólk kaupi plötuna mína vegna tónlistarinnar," segir hún.



**ÖGRANDI** Miley Cyrus sendir frá sér plötu á árinu, en hún hefur kynnt hana með því að koma fram á afar ögrandi hátt.

25% afsláttur
af öllum bolum
Mikið úrval • Stærðir 36–52
hjá Hrafnhildi
Sími 581 2141 • www.hjahrafnhildi.is

# Selur rómantískt skóskart í eigin verslun á Netinu

**Elísabet var orðin leið á hinum hörðu og köldu tískustraumum. Hún ákvað því að lífga upp á þetta, hannaði eigin tískulínu sem hún selur í eigin netverslun á slóðinni: Babette.is.**



„Ég var komin með ógeð á öllum svörtu skónum mínum og langaði að flikka upp á skóskápinn minn. Það má eiginlega kalla þetta skartgripi fyrir skó," segir Elísabet Björgvinsdóttir sem nýverið opnaði búð á Netinu þar sem hún sýnir sitt eigið merki, Babette.

Hún hannar jakka, slár, sokka og fleira samhliða skóskartinu. Babette er bein þýðing af nafninu Elísabet á frönsku, en innblástur hönnunarinnar kemur frá Parísartískunni sem Elísabet er mjög heilluð af. Fallegir litir og munstur einkenna hönnunina og Elísabet notar kanínuskinn, leður, kögur og blúndur í skóskartið. Innblásturinn er komin frá skóhlífunum sem herramenn notuðu í upphafi 19. aldar til að verja skóna sína. Skóskartið er hins vegar meira til skrauts en varnar.

> Mig langaði að lífga aðeins upp þetta og koma með smá rómantík inn á markaðinn.
>
> ELÍSABET BJÖRGVINSDÓTTIR

„Ég var orðin leið á því hvað íslensk hönnun er oft grá og dimm. Allt of mikið um svartar flíkur og harða, kalda tískustrauma. Mig langaði að lífga aðeins upp þetta og koma með smá rómantík inn á markaðinn. Okkur á Íslandi veitir ekki af."

Mikil gróska er í íslenskri hönnun um þessar mundir og fingrafimir einstaklingar farnir að hleypa hönnun sinni út fyrir veggi heimilisins. Elísabet hræðist hvorki samkeppni né samdrátt. „Ég er bjartsýnismanneskja að eðlisfari og hugsaði bara af hverju ég ætti ekki að geta gert þetta eins og aðrir. Það er mjög gaman að sjá hvað það er mikið um hæfileikaríkt fólk á Íslandi," segir hún. Verslunin KronKron er í sérstöku uppáhaldi hjá henni.

Elísabet er heimavinnandi með tvo litla stráka og finnst yndislegt að geta sinnt áhugamáli sínu að vild en stefnir jafnframt langt. Hún ætlar að taka þátt í hinum geysivinsæla Pop Up-markaði síðar í sumar þar sem nálgast má hönnun hennar.

alfrun@frettabladid.is



**RÓMANTÍK**

Hér má sjá hluta af því sem Elísabet selur í verslun sem hún opnaði nýlega á netinu.







2 fyrir 2400




Úrval vinsælla bóka á 2 fyrir 2400 tilboði
Gleðilegt sumarfrí!
Eymundsson.is
Eymundsson
Bóksali frá 1872

Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?
Við tökum vel á móti öllum ábendingum.
FRÉTTABLAÐIÐ
www.visir.is/posthusid – sími 585 8330



# Flýgur hvert sem er fyrir kynlíf

Ofurskutlan Cameron Diaz leysir frá skjóðunni í nýjasta tölublaði tímaritsins Playboy. „Guð minn almáttugur. Ég get ekki einu sinni talið hversu oft ég hef hoppað upp í flugvél fyrir ástina," segir hún. „Það er ekki óvenjulegt í þessum bransa. Lífsstíll minn krefst þess. Ég er alltaf að ferðast fyrir kynlíf. Maður verður að fara þangað sem það er."

Cameron hætti ekki þarna og bætti við að dýrseðlið væri ríkt í henni. „Ég er algjör fornkona. Lemdu mig í hausinn, hentu mér yfir axlir þínar – þú maður, ég kona," sagði þessi sérstaka leikkona. „Það eru ekki allir með þetta eðli í sér, en ég elska snertingu. Ég verð að vera sífellt snertandi elskhuga minn. Hann hefur ekkert val."



**DÝRSEÐLI** Cameron Diaz segist sífellt þurfa að snerta elskhuga sína. Hún er á lausu í dag.



# Brúðkaup sænsku prinsessunnar

Á morgun, laugardaginn 19. júní, gengur Viktoría krónprinsessa Svía í hjónaband með Daníel unnusta sínum. Við samgleðjumst þessum sænsku vinum okkar og bregðum á leik.



**95,-**

Prinsessukaka og kaffi
Laugard. og sunnud. kl. 9:30 - 18:30



## Prinsessur og prinsar

Börn sem mæta sem prinsessur eða prinsar fá ókeypis prinsessuköku og Prince Polo á Veitingastaðnum
Laugard. og sunnud. kl. 9:30 - 18:30





## Gæsapartí

Gæsir og vinkonur þeirra fá máltíð og prinsessuköku fyrir allan hópinn á Veitingastað IKEA.
Laugardagur kl. 11:30 - 18:30

## Sænskir réttir á hálfvirði

Laugard. og sunnud. kl. 11:30 - 18:30



**Kryddbakaður lax** með graslaukssósu, kartöflum og grænmeti **397,-**



**Sænskar kjötbollur** (10 stk.) með kartöflum, týtuberjasultu & rjómasósu **347,-**




**495,-/4 í pk.**

Tilboð á frosnum prinsessukökum í Sænska matarhorninu

## Einstakt tækifæri til að fara í brúðarkjólinn (aftur)! Þorir þú?

**Laugardagur kl. 13-15**

Allar konur sem koma til okkar í brúðarkjólnum sínum og láta taka mynd af sér í prinsessurúminu í svefnherbergisdeild fá dekur í Mecca Spa, gjafakort fyrir 10.000,- í IKEA og máltíð fyrir tvo á Veitingastað IKEA

IKEA®

**Verslun opin 11-19 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30 - 18:30

**www.IKEA.is**






SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| LEIKFANGASAGA 3 - 3D ísl. | 1(3D) - 3:20(3D) - 5:40(3D) | L |
| LEIKFANGASAGA 3 M/ ísl. Tali | kl. 1 - 3:20 - 5:40 | L |
| TOY STORY 3 M/ ensku Tali | kl. 8(3D) - 10:20(3D) | L |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 2:30-5:30-8 - 8:30 - 10:45 | 12 |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 2 - 5 - 8 - 10:45 | VIP |
| THE LOSERS | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| PRINCE OF PERSIA | kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | 10 |
| THE LAST SONG | kl. 1 - 3:20 | L |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN M/ ísl. Tali | kl. 1:20 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| LEIKFANGASAGA 3 - 3D ísl tal | kl. 5:40 | L |
| TOY STORY 3 - 3D ensku tal | kl. 8 | L |
| THE LOSERS | kl. 10:20 | 12 |
| PRINCE OF PERSIA : SANDS OF TIME | kl 6 | 10 |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 9 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| LEIKFANGASAGA 3 - 3D ísl. Tali | kl. 3:20(3D) - 5:40(3D) | L |
| TOY STORY 3 M/ ensku Tali | kl. 8(3D) - 11(3D) | L |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 5D - 8D - 10:20D | 12 |
| PRINCE OF PERSIA : SANDS OF TIME | kl. 3 - 5:30 - 8 | 10 |
| IRON MAN 2 | kl. 10:30 | 12 |
| OFURSTRÁKURINN M/ ísl. Tali | kl. 3 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| LEIKFANGASAGA 3 M/ ísl. Tali | kl. 5:50 - 8 | L |
| BROOKLYN'S FINEST | kl. 10:10 | 16 |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 6 - 9 | 12 |




NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| THE A-TEAM | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| THE A-TEAM LÚXUS | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| LEIKFANGASAGA 3D íslenskt tal | kl. 3.30 - 5.45 | L |
| TOY STORY 3 3D enskt tal | kl. 5.45 - 8 | L |
| STREETDANCE 3D | kl. 3.30 - 10.20 | L |
| GET HIM TO THE GREEK | kl. 5.30 - 8 - 10.25 | 12 |
| SKÓGARDÝRIÐ HÚGÓ 3 | kl. 4 | L |
| ROBIN HOOD | kl. 8 | 12 |

facebook.com/smarabio

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| THE A-TEAM | kl. 6 - 9 | 12 |
| STREETDANCE 3D | kl. 6 - 9 | L |
| GET HIM TO THE GREEK | kl. 6 - 9 | 12 |
| SNABBA CASH | kl. 6 - 9 | 16 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| THE A-TEAM | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| GET HIM TO THE GREEK | kl. 8 | 12 |
| YOUTH IN REVOLT | kl. 10 | 14 |
| SKÓGARDÝRIÐ HÚGÓ 3 | kl. 5.45 | L |

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




TILBOÐ í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!



LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| A-TEAM | 5.40, 8 og 10.20(POWER) | 16 |
| STREET DANCE 3-D | 4(900 kr), 6 og 8 | 7 |
| GET HIM TO THE GREEK | 3.50(600kr), 5.50, 8 og 10.10 | 12 |
| ROBIN HOOD | 10 | 12 |
| SKÓGARDÝRIÐ HÚGÓ | 4(600 kr) | L |




# Snoop of reyktur fyrir hollenska tónlistarhátíð

**Snoop Dogg er þekktur fyrir ást sína á plöntunni grænu – rétt eins og réttarkerfi Hollands. Honum var samt meinað að koma fram á fjölskylduhátíð þar í landi, en hyggst engu að síður heimsækja Holland árlega.**

Bandaríska rapparanum Snoop Dogg hefur verið meinað að koma fram á tónleikum í Haag í Hollandi sem hann hafði verið bókaður á. Samkvæmt hollenskum fjölmiðlum er Snoop ekki nógu fjölskylduvænn fyrir hátíðina Parkpop sem fer fram í enda júní.

Yfirvöld í Haag ásamt lögreglunni þrýstu á aðstandendur hátíðarinnar að afbóka Snoop, en á meðal annarra listamanna á hátíðinni eru hin þýska Nena, sem sló gegn með laginu 99 Red Balloons og leik- og söngkonan Juliette Lewis, sem spilaði eitt sinn á Iceland Airwaves-hátíðinni.

**10** plötur hefur Snoop Dogg gefið út sem sólótónlistarmaður frá árinu 1993.

Parkpop-hátíðin leitar nú að listamanni til að fylla skarð Snoops, sem var þekktasta nafn hátíðarinnar. Hátíðin ku vera ein stærsta fjölskylduvæna tónlistarhátíð Evrópu en bandarískir fjölmiðlar furða sig á þessari ákvörðun þar sem ímynd Snoops þar í landi er frekar fjölskylduvæn. Hann hefur til að mynda stofnað ameríska fótboltadeild fyrir börn. Það má því gera ráð fyrir að stórbrotinn áhugi Snoops á grænu plöntunni hafi truflað lögreglu og yfirvöld – þrátt fyrir frjálslyndi Hollendinga á því sviði.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem dyrum er lokað á trýnið á Snoop. Honum var bannað að koma til Bretlands fyrir tveimur árum, eftir að hafa valdið vandræðum á Heathrow-flugvellinum í London árið 2006. Eiturlyfja- og vopnaburðarbrot í Los Angeles hafa einnig orðið til þess að honum hefur verið meinað að ferðast til Ástralíu.

En hinn 38 ára gamli Snoop ferðast reglulega til Hollands af augljósum ástæðum og hyggst halda tónleika þar árlega, þó að hann fái ekki að koma fram á fjölskylduhátíðinni í Haag.



**LOK LOK OG LÆS** Snoop Dogg má ekki koma fram á fjölskylduvænni tónlistarhátíð í Hollandi.

# David Spade með skutlu

Ein skrýtnasta pörun í sögu Hollywood átti sér stað á dögunum. Þá sást gríngosinn smávaxni, David Spade, ásamt ofurskutlunni og matargyðjunni Padma Lakshimi.

David Spade er þekktastur fyrir hlutverk sín í alls kyns gamanþáttum sem hafa ekki notið mikilla vinsælda. Stjarna hans skein skærar fyrir meira en áratug en lítið sést til hans í dag. Padma hefur sést í íslensku sjónvarpi í þættinum Top Chef. Hún er stórglæsileg og góð að elda. Hin fullkomna kona.

Spade og Padma gripu sér kvöldverð í Hollywood í vikunni og ljósmyndarar náðu því að sjálfsögðu á minniskort. Þau héldust þó ekki í hendur þannig að kannski voru þau að sinna viðskiptaerindum.



**DUGLEGUR** David Spade gerir mikið úr litlu.



**GEFUR GÓÐ RÁÐ** Kim Kardashian segir kannski lesendum hvernig skal halda á ketti í bókinni.

# Kardashian-systur gefa góð ráð í bók

Systurnar Kim, Kourtney og Khloe Kardashian vinna nú saman að bók. Í bókinni verður kafað djúpt ofan í óþrjótandi viskubrunna systranna ásamt því að fjölmargar myndir af þeim munu gleðja augu lesenda.

„Það verða fullt af skemmtilegum ábendingum og sögum ásamt öllu um samböndum,“ sagði Kim, frægasta systirin, þegar útgáfa bókarinnar var kynnt.

„Það verður líka kafað djúpt ofan í líf okkar systranna, jafnvel þó að fólk telji sig öruggleqa vita allt um okkur. Við ætlum að láta allt flakka og deila með fólki fullt af myndum og öðru skemmtilegu.“

Kardashian-systurnar eru af þeirri tegund að vera frægar fyrir að vera frægar. Þær sýna sig í sjónvarpsþættinum Keeping Up With the Kardashians sem hin metnaðarfulla E!-sjónvarpsstöð sýnir.






Brúðargjafalisti
Ávinningur tilvonandi hjóna
• Inneign: 6,77-10% eykst við hverja úttekt.
• Happdrætti: Glæsilegir vinningar í boði.
• Góðgerðamál: brúðhjón sem skrá sig á lista leggja lið góðgerðarmáli að eigin vali með okkar hjálp.
HÁTALARI IPOD/MP3
50%
Verð áður 2.997 kr.
Tilboð 1.499 kr.
Þú sparar 1.499 kr.
GJALLARHORN
Með sírenu, dregur allt að 300 metra.
Verð áður 2.999 kr.
Tilboð 1.499 kr.
Þú sparar 1.500 kr.
50%
FARTÖLVU LÍMMIÐAR
30%
Verð áður 499 kr.
Tilboð 349 kr.
KITCHEN AID HRÆRIVÉL
HVÍT
Verð áður 84.900 kr.
Tilboð 76.410 kr.
Þú sparar 8.490 kr.
ÝMSIR LITIR
Verð áður 87.900 kr.
Tilboð 79.110 kr.
Þú sparar 8.790 kr.
Matreiðslubók og svunta fylgir frítt með að andvirði kr. 6.905
Þú sparar 15.000 kr.
EXQUISIT FRYSTISKÁPUR 85CM
25%
Verð áður 59.900 kr.
Tilboð 44.900 kr.
HENGILÁS MEÐ TÖLUM
50%
Verð áður 749 kr.
Tilboð 375 kr.
RYKSUGUPOKI FJÖLNOTA
Vara sem sparar.
50%
Verð áður 1.749 kr.
Tilboð 875 kr.
VASAHNÍFUR
10 ÁHÖLD
50%
Verð áður 1.499 kr.
Tilboð 750 kr.
VASALJÓS LED
43%
Verð áður 1.749 kr.
Tilboð 999 kr.
Tifandi tilboðssprengja
NÝTT KORTATÍMABIL
aðeins 4 dagar
föstudag - laugardag - sunnudag - mánudag eða meðan birgðir endast
EVA TRIO PANNA 28CM SLIP-LET
35%
Verð áður 18.144 kr.
Tilboð 11.794 kr.
Þú sparar 6.350 kr.
KRUKKUOPNARI
33%
Verð áður 1.499 kr.
Tilboð 999 kr.
GASGRILL CAMPINGAZ TEXAS DELUXE
Frí heimkeyrsla og samsetning á Stór-Hafnarfjarðarsvæðinu. Yfirbreiðsla, grillhanskar og grillsett að verðmæti 6.732 fylgir frítt með.
Lágt verð: 34.900 kr.
GRILL PIZZADISKUR 16”
25%
Verð áður 9.999 kr.
Tilboð 7.499 kr.
Þú sparar 2.500 kr.
Heimilistæki á lægsta verði
allar vörurnar á 2.990 kr.
HEIMILISTÆKJAMARKAÐUR
byggtogbúið
KRINGLUNNI
www.byggtogbuid.is
KNOPEX ÚTVARP
25%
Verð áður 7.995 kr.
Tilboð 5.995 kr.
Þú sparar 2.000 kr.
RAFMAGNSPANNA 40CM
1500W
25%
Verð áður 9.999 kr.
Tilboð 7.499 kr.
Þú sparar 2.500 kr.
Þú sparar 20.000 kr.
EXQUISIT ELDAVÉL 50CM
25%
Verð áður 79.900 kr.
Tilboð 59.900 kr.
KENWOOD TÖFRASPROTI M/HAKKARA
20%
Verð áður 11.990 kr.
Tilboð 9.592 kr.
Þú sparar 2.398 kr.
WEINBERGER ELDHÚSVOG
33%
Verð áður 5.990 kr.
Tilboð 3.990 kr.
Þú sparar 2.000 kr.
CUSINIER BLANDARI ALLINONE
30%
Verð áður 9.999 kr.
Tilboð 6.999 kr.
Þú sparar 3.000 kr.
NÝTT KORTATÍMABIL
byggtogbúið
568 9400 byggtogbuid.is I Kringlunni
facebook.com / byggt.og.buid

## > Geir og Kristján með Gróttu?

Þó svo Grótta hafi fallið úr efstu deild karla í handbolta síðasta vetur hafa forráðamenn félagsins ekki lagt árar í bát. Liðið ætlar sér beint upp aftur og á að leggja mikinn metnað í starfið næsta vetur þó svo liðið sé í 1. deildinni. Félagið er í viðræðum við Geir Sveinsson um að halda áfram þjálfun liðsins og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur félagið hug á að ráða Kristján Halldórsson sem aðstoðarmann hans. Kristján er þaulreyndur þjálfari sem þjálfaði í mörg ár í Noregi.



# sport

sport@frettabladid.is

**SIGURÐUR EGGERTSSON:** FARINN FRÁ VAL YFIR Í BUMBUBOLTANN HJÁ GRÓTTU Í 1. DEILDINNI:

# *Hinir með þvottabala en ég er með þvottabretti*

Valsmenn hafa misst enn einn burðarásinn úr sínu liði því hinn stórskemmtilegi miðjumaður liðsins, Sigurður Eggertsson, hefur ákveðið að söðla um og spila með 1. deildarliði Gróttu á næstu leiktíð. Hjá Gróttu hittir Sigurður fyrir nokkra fyrrum félaga sína hjá Gróttu sem oft er kallað B-lið Vals.

„Mér finnst leiðinlegt að það séu margir farnir frá Val og svo eru í Gróttu tveir af mínum bestu vinum, Hjalti Pálmason og Ægir Hrafn Jónsson. Þetta er áhugamálið mitt og ég vil hafa gaman. Nú er ég kominn í bumbuboltann og þá er ólíðandi að spila með leiðinlegum gaurum,“ sagði Sigurður og hittir naglann þar á höfuðið enda eru þó nokkrir leikmenn Gróttuliðsins í þéttari kantinum.



„Ég stefni nú ekki að því að safna spiki þarna. Það er nauðsynlegt að hafa einn leikmann í hverju liði með þvottabretti. Hinir eru með þvottabala en þeir verða að taka sér mig til fyrirmyndar,“ sagði Sigurður spaugsamur sem fyrr. Hann er ekki bara að fara í Gróttu út af félagsskapnum.

„Hnén á mér eru ónýt og hafa verið síðustu átta ár eða síðan ég var tvítugur. Ég hef ekki enn leikið heilt tímabil án þess að fara í aðgerð. Ég hef alls farið í ellefu aðgerðir sem er nokkuð vel af sér vikið. Í fyrra brotnaði ég tvisvar. Bæði bringubeinsbrotnaði og handarbrotnaði. Ég er að vonast til þess að geta stýrt álaginu enn betur í 1. deildinni. Ég vona að það gangi eftir.“

Sigurður segir einnig nauðsynlegt að minnka álagið þar sem margt sé að breytast í hans lífi. Hann verður faðir í fyrsta skipti í ágúst, var að selja íbúðina sína og er varavaraborgarfulltrúi hjá Besta flokknum. „Þetta er hagsmunamál. Ég má ekki spila með liði í Reykjavík þar sem ég er nú viðloðandi borgarmálin.“



**ERFIÐ BYRJUN** Torres og félagar byrja tímabilið á tveimur stórleikjum.
NORDIC PHOTOS/GETTY

Enska úrvalsdeildin:

## Risaleikur í fyrstu umferð

**FÓTBOLTI** Í gær var dregið í töfluröð fyrir ensku úrvalsdeildina. Það er risaleikur strax í fyrstu umferð er Liverpool tekur á móti Arsenal.

Enska úrvalsdeildin hefst 14. ágúst og Englandsmeistarar Chelsea taka þá á móti nýliðum WBA. Man. Utd fær einnig nýliða í heimsókn því Newcastle þarf að fara á Old Trafford í fyrstu umferðinni.

Leikur Tottenham og Man. City í fyrstu umferðinni verður einnig afar áhugaverður.

Tímabilið byrjar annars með látum hjá Liverpool því liðið þarf að sækja Man. City heim í annarri umferð. - hbg

**Enska úrvalsdeildin**

**1. umferð:**

Aston Villa - West Ham
Blackburn - Everton
Blackpool - Wigan
Bolton - Fulham
Chelsea - WBA
Liverpool - Arsenal
Man. Utd - Newcastle
Sunderland - Birmingham
Tottenham - Man. City
Wolves - Stoke City

# Aldrei lent í meiri samkeppni

**Þóra Björg Helgadóttir hefur staðið sig frábærlega með toppliði Malmö í sænsku deildinni og heldur danska landsliðsmarkverðinum á bekknum. Hún er nú komin til móts við kvennalandsliðið sem mætir Norður-Írum og Króatíu á Laugardalsvellinum á næstu dögum í tveimur leikjum í undankeppni HM.**

**FÓTBOLTI** Þóra Björg Helgadóttir og félagar í LdB FC Malmö eru með átta stiga forskot á toppi sænsku deildarinnar þegar deildin fór í landsleikjahlé og íslenski landsliðsmarkvörðurinn hefur haldið hreinu í 7 af 12 leikjum, aðeins fengið á sig 7 mörk og varið 88 prósent skota sem hafa komið á hana. Þóra er ekki aðeins í lykilhlutverki með félagsliði sínu því hún verður væntanlega í marki íslenska landsliðsins sem mætir Norður-Írlandi á laugardaginn og Króatíu á miðvikudaginn í undankeppni HM.

„Hver leikur er úrslitaleikur núna. Það er okkar eini möguleiki að vinna þessa báða leiki. Ég hef fulla trú á því að við áttum okkur alveg á því að ef að við missum stig núna þá er þetta einfaldlega búið,“ segir Þóra en íslenska liðið er í öðru sæti riðilsins þremur stigum á eftir Frökkum sem unnu 2-0 sigur í leik liðanna úti í Frakklandi síðasta haust.

„Við höfum átt tvo slaka leiki í þessari undankeppni HM og það voru útileikirnir á móti Frakklandi og Norður-Írlandi. Ég held að við munum alveg eftir þessum Norður-Íra leik þar sem við vorum ótrúlega heppnar að fara heim með þrjú stig,“ segir Þóra sem jafnfram er á því að íslenska landsliðið hafi ekki verið að sýna sitt besta í síðustu leikjum sínum.

Þóra hefur ekki fengið á sig mark á Laugardalsvellinum undanfarin þrjú ár og allir leikir liðsins á vellinum undir stjórn Sigurðar Ragnars Eyjólfssonar hafa unnist. „Við erum gríðarlega glaðar með að vera að spila heima því það er langt síðan að við höfum spilað hérna,“ segir Þóra en hún hefur haldið hreinu í 544 mínútur í Laugardalnum.

„Við vildum helst fá HM á Ísland

> Við vildum helst fá HM á Ísland því þá yrðum við heimsmeistarar.
>
> **ÞÓRA BJÖRG HELGADÓTTIR**
> LANDSLIÐSMARKVÖRÐUR

því þá yrðum við heimsmeistarar,“ segir Þóra í léttum tón. „Ég vil meina að við getum ekki tapað á Laugardalsvellinum en til þess að halda þeirri hefð sem við höfum skapað þá verðum við að mæta til leiks,“ segir Þóra.

Þóra hefur átt frábæra innkomu í lið Malmö sem hefur unnið 11 af fyrstu 12 leikjum tímabilsins. „Þetta er búið að vera eins og í góðri lygasögu. Malmö hefur alltaf verið með sterkt lið en það hefur alltaf vantað einhvern neista. Við erum aftur með gríðarlega sterkt lið en núna fundum við taktinn strax í fyrsta leik. Ef við höldum svona áfram þá held ég að enginn stoppi okkur en kúnstin er að halda stemmingunni uppi og halda þessum dampi,“ segir Þóra. „Ástæðan fyrir því að við erum á toppnum er að við vinnum hreinlega meira en hin liðin. Það er miklu skemmtilegra að vinna þannig því það er ekkert skemmtilegt að vinna á einhverjum grís,“ segir Þóra.

Það hefur verið nóg að gera hjá Þóru þrátt fyrir alla sigrana því hún hefur varið 52 skot í leikjum tólf eða 4,3 að meðaltali í leik.

„Við spiluðum svolítið sérstakan bolta því við erum gríðarlega sókndjarfar og sækjum á yfirleitt sjö mönnum. Það reynir svolítið á okkur fyrir aftan, við erum oft í undirtölu og fáum mikið af skyndisóknum á okkur. Það hefur því verið fullt að gera þó að við höfum unnið leikina tiltölulega öruggt,“ segir Þóra sem hefur ekki hleypt mörgum boltið í netið. „Ég er búin að kryfja þessi sjö mörk og ég hefði viljað að þetta væru svona fimm mörk ef ég er alveg hreinskilin,“ segir Þóra.

Hún segir samkeppnina hafa verið erfiða enda að keppa um byrjunarliðssætið við danska landsliðsmarkvörðinn. „Þetta var rosalega erfitt í byrjun og ég held að ég hafi staðið frekar tæpt með að verða fyrsti markvörður. Svo náði ég að finna taktinn og koma mér í réttann gír. Ég var svolítið hrædd í byrjun en það gerir þetta enn þá skemmtilegra núna að að rífa sig upp,“ segir Þóra og bætir við: „Í Malmö lenti ég í langmestu samkeppni sem ég hef nokkurn tímann lent í,“ segir Þóra.

Þóra glímdi við erfið veikindi fyrir einu og hálfu ári en hefur komið gríðarlega sterk til baka. „Ég hef sjaldan verið í betra formi enda hef ég hef aldrei æft jafnmikið og ég geri núna. Það sem skiptir mestu máli í þessu er að ég hætti að vinna og er bara í fótbolta. Þá hefur maður gríðarlega mikinn tíma til þess að hvíla sig, kannski of mikinn. Ég hefði ekki náð því að koma til baka svona fljótt ef að ég hefði verið að vinna með fótboltanum,“ segir Þóra að lokum.

ooj@frettabladid.is



**544 MÍNÚTUR** Það er langt síðan að það var skorað hjá Þóru á Laugardalsvellinum.



# BT

# Frábær helgartilboð

Fylgir
Verð-lækkun
9.999
11.499

Verð-lækkun
11.999
13.499

Nú einnig á Xbox360
11.499

11.499

## Fartölva

**Acer 5532-5509**
Athlon 64 TF-36 2.0Ghz
320 GB, Serial ATA
2 GB DDR2 SDRAM, 667 MHz
ATI Mobility Radeon HD 3200
15.6" TFT (1366 x 768)
Vefmyndavél og kortalesari
Microsoft Windows 7 Home Premium

Með tölvu
14.999
19.999

Geggjað tilboð

Verð-hrun
79.999
99.999

## Fartölva

**Packard Bell**
**TJ65-225**
Intel Dual Core T4300 örgjörvi
4GB DDR2 667MHz vinnsluminni
500GB SATA 5400RPM harðdiskur
15.6'' HD LED Diamond View skjár
512MB GeForce GT210M Hybrid-SLI skjákort
með 16 CUDA örgjörvum
300Mbps Draft-N þráðlaust 802.11 b/g/n net
Vefmyndavél, kortalesari o.fl.
4xUSB2, VGA, HDMI HDCP, kortalesari o.fl.
Windows 7 Home Premium 64-bit

Með tölvu
14.999
19.999

149.999
169.999

## Playstation3

120GB
69.999
Fylgir
geggjað tilboð

## Þráðlaust leikjastýri

**Logic 3**
**LOPSU449**
Virkar fyrir PS2
PS3 OG PC

Takmarkað magn
9.999
14.999

## Sjónvarpsflakkari

**Verbatim Full HD sjónvarpsflakkari**
Með upptöku og DVB-T tuner.
Spilar FULL HD skrár
(h.265,mkv o.s.frv.)
10/100 Ethernet
2x USB tengi
HDMI

Geggjað tilboð
49.999
69.999

## Ljósmyndaskanni

**ion**
**ljósmyndaskanni**
Skannar ljósmyndir og slides
Einfaldur hugbúnaður fylgir
Skannar í hárri upplausn
5.1 MP (3600 DPI)
Tengist með USB við tölvuna
Tekur aðeins 1-2 sek
að skanna ljósmynd

Geggjað tilboð
17.999
27.999

## Fartölva

**TOSHIBA**
**Toshiba T135-S1305**
Intel Pentium Dual-Core SU4100
3GB DDR3-1066MHz memory
13.3" WXGA HD TruBrite LED 720p
Intel GMA 4500M Graphics
320GB 5400rpm SATA
802.11b/g/n þráðlaust net
3x USB 2.0 ; 1x HDMI; 1x VGA
Kortalesari ,Vefmyndavél

Með tölvu
14.999
19.999

Geggjað tilboð
119.999
144.999

## Þurrkari

**ZANUSSI**
**Barkalaus þurrkari**
með rakaskynjara
Hljóð: 64 (db)
Orkuflokkur: C
Taumagn: 7 KG
Annað: Ryðfrí
tromla,krumpuvörn, 6 kerfi
Stærð: 85x60x58 (HxBxD)

Frí heim-sending
69.999
79.999

## Þvottavél

**ZANUSSI**
**Zanussi 7kg þvottavél**
HZ91 904 801
Þvottahæfni: A
Þeytivinduafköst: B
Orkuflokkur: A
Hljóð : 56(db)/ 77(db)
Vindingarhraði : 1200 snúningar
Ryðfrí tromla,skjár,sparnaðarkerfi
Stærð: 85x60x60 (HxBxD)
Íslenskur leiðarvísir

Frí heim-sending
89.999
99.999

## Uppþvottavél

**ZANUSSI**
**Zanussi uppþvottavél**
**HZ911 549 032**
Stærð: 12 manna
Hæð: 85 cm
Breidd: 60 cm
Dýpt: 61 cm
Orkunotku: A/A/A
Hljóð: 47db(a)
Hvít

Frí heim-sending
89.999

BT SKEIFAN - BT GLERÁRTORG S: 550-4444 - www.bt.is

Coca-Cola FAGNAÐU Á ÞINN HÁTT!


**SÖGULEGUR SIGUR** Grikkir unnu sinn fyrsta sigur í úrslitakeppn HM þegar þeir unnu Nígeríu í gær. MYND/AP

## HM Í GÆR

### B-RIÐILL

**Argentína - Suður-Kórea 4-1**
1-0 Sjálfsmark (16.), 2-0 Gonzalo Higuain (33.), 2-1 Lee Chung-Yong (45.+1), 3-1 Gonzalo Higuain (76.), 4-1 Gonzalo Higuain (80.)
**Grikkland - Nígería 2-1**
0-1 Kalu Oche (16.), 1-1 Dimitrios Salpingidis (44.), 2-1 Vasileios Torosidis (71.).

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Argentína** | **2** | **2** | **0** | **0** | **5-1** | **6** |
| Suður-Kórea | 2 | 1 | 0 | 1 | 3-4 | 3 |
| **Grikkland** | **2** | **1** | **0** | **1** | **2-3** | **3** |
| Nígería | 2 | 0 | 0 | 2 | 1-3 | 0 |

**NÆSTU LEIKIR**

| | |
|---|---|
| **Nígería - Suður-Kórea** | **þriðjudag. kl. 18.30** |
| Grikkland-Argentína | þriðjudagur kl. 18.30 |

### A-RIÐILL

**Frakkland - Mexíkó 0-2**
0-1 Javier Hernandez (64.), 0-2 Cuauhtemoc Blanco, víti (79.)

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Úrúgvæ** | **2** | **1** | **1** | **0** | **3-0** | **4** |
| Mexíkó | 2 | 1 | 1 | 0 | 3-1 | 4 |
| **Frakkland** | **2** | **0** | **1** | **1** | **0-2** | **1** |
| Suður-Afríka | 2 | 0 | 1 | 1 | 1-4 | 1 |

**NÆSTU LEIKIR**

| | |
|---|---|
| **Mexíkó - Úrúgvæ** | **þriðjudag kl. 14.00** |
| Frakkland - Suður-Afríka | þriðjudag kl. 14.00 |

**LEIKIR DAGSINS**

| | |
|---|---|
| Þýskaland - Serbía | kl. 11.30 |
| **Slóvenía - Bandaríkin** | **kl. 14.00** |
| England - Alsír | kl. 18.30 |


**STERKUR** Björgvin Páll stóð lengstum vaktina í markinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Íslenska handboltalandsliðið:

# Íslenskur sigur í Brasilíu

**HANDBOLTI** Fyrri vináttuleikur Íslands og Brasilíu fór fram í fyrrinótt og lauk með naumum sigri íslenska liðsins, 30-33.

Íslenska liðið hóf leikinn hörmulega, lenti 4-0 undir en náði að rífa sig upp fyrir hlé en þá leiddi liðið, 13-16.

Íslenska liðið hafði síðan öll völd á vellinum í síðari hálfleik og náði mest sjö marka forskoti. Síðari vináttuleikur þjóðanna fer fram í dag.

Mörk Íslands: Arnór Þór Gunnarsson 6, Oddur Gretarsson 6, Rúnar Kárason 6, Ólafur Guðmundsson 4, Vignir Svavarsson 3, Kári Kristján Kristjánsson 2, Sturla Ásgeirsson 2, Þórir Ólafsson 2, Arnór Atlason 1, Snorri Steinn Guðjónsson 1.

Varin skot: Björgvin Páll Gústavsson 16, þar af eitt vítakast. Pálmar Pétursson 2, þar af eitt vítakast. Pálmar var í markinu síðustu fimm mínútur leiksins annars stóð Björgvin Páll vaktina. - hbg

Frakkar eiga enn eftir að skora á HM í Suður-Afríku og eiga ekki mikla möguleika á að komast í 16 liða úrslit:

# Snilldarskiptingar lykillinn að sigri Mexíkó

**FÓTBOLTI** Varamennirnir Javier Hernandez og Cuauhtemoc Blanco tryggðu Mexíkó 2-0 sigur á Frökkum í A-riðli í gærkvöldi. Sigur Mexíkó var mjög sannfærandi en Frakkar hafa nú ekki skorað mark í tveimur fyrstu leikjum sínum á HM, eru aðeins með eitt stig og á leiðinni úr keppni nema allt falli með þeim í lokaumferðinni. Eftir aðra umferðina í riðlinum eru Úrúgvæ og Mexíkó í lykilstöðu í riðlinum og nægir jafntefli þegar þau mætast í lokaleiknum.

Mexíkó er með frammistöðu sinni í gær orðið eitt allra skemmtilegasta lið keppninnar enda vinnusemin og léttleikandi spil einkennismerki liðsins undir stjórn þjálfarans Javier Aguirre sem átti snilldarskiptingar í gær.


**AÐEINS TVEIR ELDRI** Blanco fagnar marki sínu í gær orðinn 37 ára og 151 dags gamall. MYND/AP

„Við verðum að fá að njóta þessa sigurs en við munum samt taka eitt skref í einu og halda ró okkar," sagði Rafael Marquez, sem tók við fyrirliðabandi Mexíkó fyrir leikinn. Hannn átti stoðsendinguna á fyrra markinu sem hinn nýi leikmaður Manchester United, Javier Hernandez, skoraði á 64. mínútu, níu mínútum eftir að hann kom inn á sem varamaður.

Seinna markið skoraði Cuauhtemoc Blanco af öryggi úr vítaspyrnu á 79. mínútu eftir að Eric Abidal felldi Pablo Barrera sem hafði líka komið inn á sem varamaður. Blanco hafi komið inn á sem varamaður á 62. mínútu eða skömmu áður en liðið skoraði fyrra markið. Blanco var 37 ára og 151 dags gamall í gær og varð þarna þriðji elsti markaskorari á HM frá upphafi.

„Við förum ekki út úr þessari keppni án þess að vinna leik. Það er til skammar að tapa svona og nú snýst þetta bara um að bjarga heiðrinum," sagði Frakkinn Florent Malouda eftir leikinn. - óój

# Higuain með fyrstu þrennu HM

**Argentína vann stórsigur á Suður-Kóreu, 4-1. Leikurinn var þó jafnari en lokatölurnar gefa til kynna. Argentína á leið í sextán liða úrslit. Þrenna Gonzalo Higuain var sú fyrsta á HM síðan árið 2002.**


**ÞRENNU FAGNAÐ** Lionel Messi og félagar fagna hér Gonzalo Higuain sem skoraði mörkin fyrir Argentínu í gær. NORDIC PHOTOS/AFP

**FÓTBOLTI** Argentína komst með annan fótinn í sextán liða úrslit Heimsmeistarakeppninnar í knattspyrnu með stórsigri á Suður-Kóreu. Argentína hefur þar með unnið báða sína leiki á HM og er að styrkjast ef mið er tekið af leiknum í gær.

Argentínumenn léku oft á tíðum frábæran fótbolta en Kóreumenn voru seigir og alltaf hættulegir. Fyrsta markið var slysalegt sjálfsmark hjá Kóreu. Sending inn í teiginn sem fór í fót varnarmanns Kóreu og þaðan í netið. Gonzalo Higuain, leikmaður Real Madrid, tók svo við keflinu kom Argentínu í 2-0.

Kóreumenn neituðu að gefast upp og náðu marki til baka fyrir hlé og allt opið fyrir síðari hálfleikinn. Hann var mjög líflegur. Argentína réð ferðinni en sóknartilburðir Kóreumanna góðir og tókst þeim að skapa usla í vörn Argentínu.

Það voru aftur á móti Argentínumenn sem sáu um markaskorunina eða réttara sagt Higuain. Hann skoraði tvívegis áður en blásið var til leiksloka og varð þar með fyrsti leikmaðurinn síðan á HM 2002 sem tekst að skora þrennu í lokakeppni Heimsmeistaramóts.

Síðastir til að skora þrennu á HM voru Portúgalinn Pauleta (á móti Pólverjum 10. júní 2002) og Þjóðverjinn Miroslav Klose (á móti Sádi-Arabíu 1. júní 2002). Þrenna Higuains var sú 49. í sögu keppninnar.

Diego Armando Maradona, þjálfari Argentínu, var sem fyrr afar


**TVEIR GÓÐIR** Maradona fagnar hér Messi sem átti flottan leik þó svo hann hafi ekki skorað að þessu sinni. NORDIC PHOTOS/AFP

líflegur í jakkafötunum á hliðarlínunni. Hann brosti síðan allan hringinn eftir leikinn.

„Leikmennirnir stóðu sig frábærlega. Þeir gerðu nákvæmlega það sem við töluðum um að gera fyrir leikinn. Þessir strákar eru stoltir af því að klæðast landsliðstreyjunni og það leynir sér ekki. Ég er afar hamingjusamur og rólegur eftir þennan leik," sagði hinn skeggjaði Maradona en hann sagði sigurinn vera afar sanngjarnan.

„Við vorum með yfirburði nánast allan tímann í leiknum og áttum því skilið að vinna. Leikur okkar gegn Nígeríu sýndi hvað við getum og við stóðum undir öllum væntingum í þessum leik. Mistök Demichelis var eina skiptið þar sem við vorum ekki betri í leiknum."

Maradona er ánægður með stígandann í leik liðsins og vonast eftir meiru frá strákunum sínum.

„Við vorum vissulega mun betri en í fyrsta leiknum og við viljum sýna að við getum enn meira. Við erum á réttri leið og munum ekkert velta okkur upp úr því sem er að gerast í öðrum riðlum. Við fengum að spila okkar bolta í þessum leik og munum gera það áfram. henry@frettabladid.is

Enski þjálfarinn treystir á Gareth Barry í leiknum á móti Alsír á HM í Suður-Afríku sem fer fram í kvöld:

# Fær Capello afmælisgjöf frá enska liðinu?

**FÓTBOLTI** Enska landsliðið spilar sinn annan leik á HM í Suður-Afríku í kvöld þegar liðið mætir Alsír. Englendingar mega alls ekki við því að tapa stigum í þessum leik eftir jafnteflið í fyrsta leiknum á móti Bandaríkjamönnum en Alsíringar eru hins vegar endanlega úr leik eftir 0-1 tap á móti Slóveníu í sínum fyrsta leik.

Bæði lið komu illa út úr slæmum markvarðarmistökum í fyrsta leik. Robert Green, markvörður enska liðsins, gaf Bandaríkjunum jöfnunarmark eins og frægt er orðið og Faouzi Chaouchi, markvörður Alsírs, átti líka að verja auðveldlega sigurmark Slóvena.

Fabio Capello á 64 ára afmæli í dag og gæti því fengið sinn fyrsta sigur sem þjálfari á HM í afmælisgjöf frá leikmönnum sínum í enska landsliðinu. Það lítur allt út fyrir það að Capello ætli að halda tryggð við Green og Chaouchi verður líka í marki Alsírs verði hann orðinn góður af sínum meiðslum. Þeir fá því tækifæri til bæta fyrir mistökin í kvöld.

Capello gaf það upp á blaðamannafundi fyrir leikinn að hann ætlar að setja Gareth Barry á miðjuna við hliðina á Frank Lampard og færa fyrirliðann Steven Gerrard upp í frjálsari og sókndjarfari stöðu á vinstri vængnum.

„Gareth mun spila þennan leik. Hann er orðinn góður af meiðslunum og hefur æft vel. Hann gerir það vel að spila fyrir framan miðverðina þar sem hann les leikinn mjög vel," sagði Capello sem var þó ánægður með miðjuna.

„Steve og Frank stóðu sig vel á móti Bandaríkjunum en þeir eru hættulegri framar á vellinum. Þess vegna er ég mjög ánægður með að Gareth geti spilað á móti Alsír," sagði Capello sem hefur einnig talað um að hann sé að melta það að nota Jermaine Defoe


**FABIO CAPELLO** Landsliðsþjálfari Englendinga fæddist þennan dag fyrir 64 árum. MYND/AP

í staðinn fyrir Emile Heskey í framlínunni með Wayne Rooney.

Capello er bjartsýnn á leikinn í kvöld en enska liðið stóðst hans kröfur í jafnteflinu á móti Bandaríkjunum þótt liðið hafi verið gagnrýnt úr öllum áttum.

„Við erum í góðum gír, enduðum Bandaríkjaleikinn mjög vel. Flest lið gefa eftir í lokin á móti þeim en við enduðum leikinn vel," sagði Capello og bætti við:

„Ég er afslappaður fyrir þennan leik. Við verðum þó að vinna en við erum tilbúnir í að mæta Alsír," sagði Capello.

Englendingar þurfa væntanlega ekki að hafa mikla áhyggjur af sóknarleik Alsírs sem átti aðeins tvö skot á móti Slóveníu og eina markið þeirra í síðustu sex leikjum kom úr víti. Enska landsliðið hefur aldrei tapað fyrir Afríkuþjóð og ætti að flestra mati að vinna öruggan sigur í leiknum í kvöld. - óój


SUMAR
TILBOÐ
STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM
NÝ
TILBOÐ
2 VERSLANIR STÚTFULLAR AF SJÓÐHEITUM TILBOÐUM Á TÖLVUM OG TÖLVUBÚNAÐI
HELGAR TILBOÐ
Office Home and Student 2010
LEYFI FYRIR 3 TÖLVUR
OFFICE
OFFICE 2010 HOME AND STUDENT
16.900
HVERGI BETRA VERÐ
BenQ
24"
24" FULL HD 1080P BENQ LCD SKJÁR
39.900
1TB
1TB SAMSUNG SATA2 HARÐDISKUR 32MB
14.900
2TB
2TB SEAGATE SATA2 HARÐDISKUR 32MB
26.900
1.5TB
1.5TB SEAGATE SATA2 HARÐDISKUR 32MB
19.900
BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL.
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
acer ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# SPARAÐU MEÐ BÓNUS


1259 KR.KG

KS FROSIÐ LAMBALÆRI Í SNEIÐUM



998 KR.KG

KS FROSNAR LAMBA SIRLOIN-SNEIÐAR


2698 KR.KG

KS FROSIÐ LAMBA FILLET


1598 KR.KG

GRILL BLANDAÐAR LAMBALÆRISSNEIÐAR


565 KR.KG

KJÖRFUGL *FERSKUR* HEILL KJÚKLINGUR
MERKT VERÐ 664 KR.KG *15% AFSLÁTTUR*


1998 KR.KG

GRILL *MIÐ*-LAMBALÆRISSNEIÐAR 1 .FL.

## ÞURRKRYDDAÐ VINSÆLT Á GRILLIÐ

FRÁBÆRT OG FYRSTA FLOKKS HAMBORGARAHAKK


1198 KR.KG

BÓNUS ÞURRKRYDDAÐAR GRÍSAKÓTILETTUR


1198 KR.KG

BÓNUS ÞURRKRYDDAÐUR GRÍSAHNAKKI



898 KR.KG

N.V FERSKT HAKK

100% HREINIR HAMBORGARAR



698 KR. PK

FJÓRIR FERSKIR UNGNAUTAHAMBORGARAR
4 STK M/BRAUÐI



1359 KR. 10 STK.

KF FROSNIR UNGNAUTA-HAMBORGARAR 10 STK.



139 KR.PK

4 STÓR BÓNUS HAMBORGARABRAUÐ



111 KR.PK

BÓNUS PYLSUBRAUÐ
5 STK

CA. 28 KR. PYLSAN



598 KR. KG

BÓNUS PYLSUR
**25% afsláttur**

## FERSKUR KJÚKLINGUR FERSKUR KJÚKLINGUR FERSKUR KJÚKLINGUR FERSKUR KJÚKLINGUR FERSKUR KJÚKLINGUR



1596 KR.KG

HOLTA *PIRI PIRI* KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 1995 KR.KG. **20% afsláttur**



1598 KR.KG

KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 1998 KR.KG. **20% afsláttur**



239 KR.KG

KJÖRFUGL FERSKIR KJÚKLINGAVÆNGIR
MERKT VERÐ 298 KR.KG. **20% afsláttur**

AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
NÝTT KORTATÍMABIL
NÝIR ÍSLENSKIR TÓMATAR 1 KG. 249 KR.
BRAGÐAREFUR
398
KR. 2 LTR
BÓNUS ÍS BRAGÐAREFUR 2 LTR.
MYLLU SAMLOKUBRAUÐ HVÍTT 770g
179
KR. STK
K.J GULRÓTARKAKA 440g
498 kr.
Mjúkís
598
KR. 2 LTR
MJÚKÍS FRÁ KJÖRÍS 2 LTR.
SÚKKULAÐI OG VANILLU
DILETTO LÚXUS KAFFI
400g MALAÐ EÐA BAUNIR
298
KR.PK
K.S FROSIÐ LAMBALÆRI
998
KR.KG
698
KR.KG
HEILL STEIKTUR KJÚKLINGUR (KALDUR)
CA 1100G
BÓNUS
698
KR.KS
BÓNUS ÍSPINNAR 24 STK
25%
AFSLÁTTUR
AF SAMLOKUOSTI
1157 KR/KG.
Merkt verð 1542 kr.kg.
Hrásalat
159
KR. DS
BÓNUS HRÁSALAT 350g
198
KR. 270ML
BÓNUS KALDAR GRILLSÓSUR
79
KR. 500 ML
98
KR. 500 ML
179
KR.2 LTR.
149
KR.2 LTR.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu vildarpunkta
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur
AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30



> **Michelle Pfeiffer**

„Að standa kyrr og vera falleg er leiðinlegt til lengdar“.

***Michelle Pfeiffer fer með eitt aðalhlutverkanna í ævintýramyndinni Stardust á Stöð2 Bíó kl. 20.00 í kvöld.***

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR UPPLIFIR STOLT SVEITAMANNSINS**

## *Hjejle tekur Hollywood í nefið*

Kvikmyndin High Fidelity var á Bíórásinni um daginn. Ég hafði séð hana fyrir löngu og fannst hún góð en var búin að gleyma um hvað hún snýst. Las nefnilega aldrei bókina. Ég hef líka alltaf verið skotin í John Cusack og kom mér því vel fyrir í sófanum með heimapoppað popp og púða undir fótum. Myndin segir frá Rob sem gengur í gegnum tilvistarkreppu þegar kærastan hans Laura slítur sambandi þeirra. Með hlutverk í myndinni fara meðal annars Jack Black, Cathrene Zeta Jones og Tim Robbins en ég uppgötvaði hins vegar mér til ánægju að með hlutverk Lauru fer danska leikkonan Iben Hjejle. Til hennar þekkti ég ekki þegar ég sá myndina fyrst en eftir að hafa búið í Köben og horft á gamanþættina Klovn og séð hana í hlutverki lögreglukonunnar Mikala í Anna Pihl, fannst mér ég hitta fyrir gamla vinkonu. Stolt sveitamannsins kom upp í mér og ég lyftist öll upp yfir að sjá hana „Iben mína“ í Hollywoodmynd með frægum leikurum. Ég stóð mig allt í einu að því að verða stressuð fyrir hennar hönd. Í hvert sinn sem hún fór með línurnar sínar hélt ég niðri í mér andanum, skyldi danski hreimurinn læðast í gegn? Enska með dönskum hreim hljómar nefnilega alltaf svo lúðalega.

Þessar áhyggjur voru hins vegar óþarfar. Hún stóð sig vel stelpan. Í einu atriðanna sem fer fram á heimili Lauru sést meira að segja glitta í danska fánann á litlili fánastöng á arinhillu. Það sagði mér að Iben hafði fallið í hópinn.

Myndin endar síðan svo dæmalaust vel að þegar ég stóð upp úr sófanum var ég meyr í gegn, ekki yfir því hvað John Cusack var sætur heldur af monti yfir „minni“ konu.



Danska leikkonan Iben Hjejle með John Cusack í High Fidelity.

## FÖSTUDAGUR



**11.15 Þýskaland - Serbía, bein úts.** STÖÐ 2 SPORT 2



**20.00 Stardust** STÖÐ 2 BÍÓ



**20.10 The Biggest Loser** SKJÁR EINN



**21.20 The Banger Sisters** STÖÐ 2



**22.35 Uppvöxtur Hannibals** SJÓNVARPIÐ

### SJÓNVARPIÐ

**13.30 HM-stofa** Hitað upp fyrir leik á HM í fótbolta.
**14.00 HM í fótbolta** Slóvenía - Bandaríkin, bein útsending frá leik í úrslitakeppni HM í fótbolta í Suður-Afríku.
**16.00 Mörk vikunnar** Í þættinum er fjallað um íslenska kvennafótboltann.
**16.30 Fyndin og furðuleg dýr** (16:26)
**16.35 Manni meistari** (2:13)
**17.00 Leó** (13:52)
**17.05 Táknmálsfréttir**
**17.15 HM-stofa** Hitað upp fyrir leik á HM í fótbolta.
**18.00 Fréttir**
**18.20 HM í fótbolta** England - Alsír, bein útsending frá leik í úrslitakeppni HM.
**20.30 HM-kvöld** Í þættinum er fjallað um leiki dagsins á HM í fótbolta.
**21.00 Veðurfréttir**
**21.05 Gönguferð í garðinum** (Just a Walk in the Park) Bandarísk fjölskyldumynd frá 2002. Manni sem vinnur við að fara út að ganga með hunda býðst að vakta fína þakíbúð fyrir ríkan viðskiptavin sinn.
▶**22.35 Uppvöxtur Hannibals** (Hannibal Rising) Bresk bíómynd frá 2007. Eftir lát foreldra Hannibals Lechters í seinni heimsstyrjöld flyst hann til frænku sinnar og hyggur á hefndir gegn villimönnunum sem bera ábyrgð á dauða systur hans. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**00.45 HM-kvöld** (e)
**01.10 HM í fótbolta** Þýskaland - Serbía, upptaka af leik í úrslitakeppni HM.
**03.00 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

### 2 BÍÓ

**06.30 Stardust**
**08.35 Journey to the Center of the Earth**
**10.05 School for Scoundrels**
**12.00 The Sandlot 3**
**14.00 Journey to the Center of the Earth**
**16.00 School for Scoundrels**
**18.00 The Sandlot 3**
▶**20.00 Stardust**
**22.05 Reno 911!. Miami**
**00.00 Girl, Interrupted**
**02.05 Raising Arizona**
**04.00 Reno 911!. Miami**
**06.00 Nine Months**

### STÖÐ 2

**06.30 Fréttir og Ísland í dag**
**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Flintstone krakkarnir, Elías, Hvellur keppnisbíll, Lalli, Kalli litli kanína og vinir.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 The Moment of Truth** (18:25)
**11.00 Extreme Makeover. Home Edition** (23:25)
**11.50 Chuck** (18:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Project Runway** (2:14)
**13.45 La Fea Más Bella** (186:300)
**14.30 La Fea Más Bella** (187:300)
**15.30 Wonder Years** (5:6)
**16.00 Barnatími Stöðvar 2** Camp Lazlo, Aðalkötturinn, Kalli litli kanína og vinir.
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons**
**18.23 Veður** Markaðurinn
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Auddi og Sveppi**
**20.00 Wipeout USA**
**20.50 The Power of One**
▶**21.20 Steindinn okkar**
**21.45 The Banger Sisters** Gamanmynd um tvær vinkonur og óbilandi vináttu þeirra. Gengilbeinan Suzette er komin á miðjan aldur. Þegar hún óvænt missir vinnuna ákveður Suzette að heimsækja bestu vinkonu sína hér í eina tíð, Vinnie.
**23.20 Wind Chill** Spennandi hrollvekja um tvo háskólanema sem ferðast þvert yfir Bandaríkin á leið heim í skólafrí.
**00.50 Zodiac** Magnþrungin sannsögulег spennumynd sem fjallar um rannsókn lögreglumanns og myndasagnahöfundar á hrottafengnum fjöldamorðum – hinum svokölluðu Zodiac-morðum sem hræddu líftóruna úr íbúum San Francisco á 8. áratug síðustu aldar.
**03.25 Dead Silence** Hörkuspennandi hrollvekja.
**04.50 The Power of One**
**05.15 The Simpsons**
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

### SPORT *besta sætið*

**08.00 NBA-körfuboltinn: LA Lakers - Boston**
**15.40 US Open 2010** Útsending frá US Open mótinu í golfi en mótið er eitt af fjórum risamótunum í golfi.
**18.40 St. Jude Classic** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni í golfi.
**19.35 Inside the PGA Tour 2010** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni í golfi.
**20.00 US Open 2010** Bein útsending frá US Open í golfi en mótið er eitt af fjórum risamótunum í golfi.
**23.00 Main Event. Day 6** Sýnt frá World Series of Poker 2009 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.
**23.50 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem.
**00.35 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem.

### SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 HM 4 4 2**
**07.45 HM 4 4 2**
**08.30 Frakkland - Mexíkó** HM 2010.
**10.30 HM 4 4 2**
▶**11.15 Þýskaland - Serbía** Bein útsending frá leik Þýskalands og Serbíu á HM 2010.
**13.25 Grikkland - Nígería** HM 2010.
**15.20 Argentína - S-Kórea** HM 2010.
**17.10 Slóvenía - Bandaríkin** HM 2010.
**19.05 Þýskaland - Serbía** HM 2010.
**21.00 HM 4 4 2**
**21.45 England - Alsír** HM 2010.
**23.40 Slóvenía - Bandaríkin** HM 2010.
**01.35 Þýskaland - Serbía** HM 2010.
**03.30 HM 4 4 2**
**04.15 HM 4 4 2**
**05.00 HM 4 4 2**
**05.45 HM 4 4 2**

### SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.35 Sumarhvellurinn** (1:9) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Rachael Ray** (e)
**09.30 Óstöðvandi tónlist**
**12.00 Sumarhvellurinn** (1:9) (e)
**12.20 Pepsi MAX tónlist**
**16.45 Rachael Ray**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 Three Rivers** (2:13) (e)
**19.00 Being Erica** (6:13)
**19.45 King of Queens** (11:22)
▶**20.10 Biggest Loser** (8:18) Bandarísk raunveruleikasería um baráttuna við mittismálið. Liðin taka þátt í matreiðslukeppni þar sem sjónvarpskokkurinn Rocco DiSpirito er dómari. Sigurliðið fær heilsusamlega og ljúffenga máltíð frá Rocco að launum og óvæntan glaðning að heiman. Eitt lið verður fyrir áfalli þegar einn keppandi meiðist og annar keppandi fær óvænta heimsókn.
**21.35 The Bachelor** (4:10) Raunveruleikaþáttur þar sem rómantíkin ræður ríkjum.
**23.00 Parks & Recreation** (7:24) (e)
**23.25 Law & Order UK** (6:13) (e)
**00.15 Life** (9:21) (e) Bandarísk þáttaröð um lögreglumann í Los Angeles sem sat saklaus í fangelsi í tólf ár en leitar nú þeirra sem komu á hann sök.
**01.05 Saturday Night Live** (21:24) (e)
**01.55 King of Queens** (11:22) (e)
**02.25 Heroes** (1:19) (e)
**03.05 Heroes** (2:19) (e)
**03.50 Heroes** (3:19) (e)
**04.35 Heroes** (4:19) (e)
**05.20 Girlfriends** (4:22) (e)
**05.45 Pepsi MAX tónlist**

### ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Heimastjórn ÍNN: Jón Kristinn Snæhólm, Guðlaugur Þór Þórðarson og gestaráðherra ræða um það sem er efst á baugi í þjóðfélaginu í dag.
**21.00 Golf fyrir alla** Golfþáttur með Ólafi Má og Brynjari Geirssyni.
**21.30 Grínland**

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.10

### Steindinn okkar



Lokaþátturinn af þessum drepfyndna sketsaþætti með nýstirninu Steinda Jr. Í þessum þætti verða sýndir sketsarnir sem þóttu of grófir fyrir hina þættina. Að vanda er það Steindi sem sér um grínið, en nýtur einnig stuðnings frá heilum haug af þjóðþekktum Íslendingum, jafnt þeim sem þegar hafa getið sér gott orð í gríninu og hinum sem þekktir eru fyrir allt annað en að leika og grínast. Þátturinn er strang-lega bannaður innan 16 ára.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Auddi og Sveppi

### Stöð 2 kl. 19.15



Auddi og Sveppi eru mættir aftur hress-ari og uppátækjasamari en nokkru sinni fyrr í gamanþætti þar sem allt er leyfilegt. Sýnt í opinni dagskrá.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Af minnisstæðu fólki
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Hraustir sveinar og hor-skar meyjar
**14.03** Girni, grúsk og gloríur
**15.03** Útvarpssagan: Hér
**15.25** List og losti
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Fnykur
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.22** Syrpan
**18.50** Veðurfregnir
**19.00** Tónlist fólksins
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Hringsól
**21.30** Kvöldsagan: Konan í dalnum og dæturnar sjö
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Orð kvöldsins
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**19.25 The Doctors** The Doctors eru glæ-nýir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir framúrskarandi læknar - sér-fræðingar á fjórum ólíkum sviðum - veita afar aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.

**20.10 Lois and Clark. The New Adventure** (17:21)

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.45 NCIS** (24:25) Spennuþáttaröð sem er í röð þeirra allra vinsælustu í Bandaríkj-unum og fjallar um sérsveit lögreglumanna sem starfar í Washington og rannsakar glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt. Verkefnin eru orðin bæði flóknari og hættulegri í þessari sjöttu seríu.

**22.30 Fringe** (18:23) Önnur þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem grunur leikur á að eigi sér yfirnáttúruleg-ar skýringar. Ásamt hinum umdeilda vísinda-manni Dr. Walter Bishop og syni hans Peter rannsaka þau röð dularfullra atvika.

**23.15 The Wire** (3:10) Fimmta syrpan í hörkuspennandi myndaflokki sem gerist á strætum Baltimore í Bandaríkjunum. Eitur-lyf eru mikið vandamál og glæpaklíkur vaða uppi.

**00.15 Auddi og Sveppi**

**00.50 Steindinn okkar**

**01.20 The Doctors**

**02.05 Lois and Clark. The New Adventure** (17:21)

**02.50 Fréttir Stöðvar 2**

**03.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.05** Blackadder Goes Forth **12.35** My Hero **13.05** My Hero **13.35** Life of Riley **14.05** Life of Riley **14.35** The Weakest Link **15.20** Inspector Lynley Mysteries **16.00** Doctor Who **16.45** The Weakest Link **17.30** Only Fools and Horses **18.00** Benidorm **18.25** Hustle **19.15** Dalziel and Pascoe **20.10** Benidorm **20.30** The Jonathan Ross Show **21.20** Doctor Who **22.10** Benidorm **22.35** Benidorm **22.55** The Jonathan Ross Show **23.45** The Visitor

## DR 1

**11.50** Heksemissionen med Mascha Vang **12.00** Mine elskede møgunger **12.30** Dyrehospitalet **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie **15.05** Landet for længe siden **15.30** Palle Gris på eventyr **15.55** Molly Monster **16.00** VM Studiet **16.25** 3. Halvleg ved Krabbe & Mølby **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Kronprinsessen og kongeriget **19.00** TV Avisen **19.30** Daddy Day Care **21.00** Gloria **22.45** Heksemissionen med Mascha Vang **22.55** Boogie

## NRK 1

**12.10** Par i hjerter **13.00** NRK nyheter **13.10** Dallas **14.00** Derrick **15.00** NRK nyheter **15.10** Elixir **15.40** Oddasat **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Tinas mat **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.40** Norge rundt **18.05** Dei blå hav **18.55** VG-lista Topp 20 - Rådhusplassen 2008 **21.00** Kveldsnytt **21.15** En velutstyrt mann **21.45** For en Melody! **22.40** Brura blei lura **23.40** Country jukeboks u/chat

## SVT 1

**12.35** Gomorron Sverige **13.25** Rapport **13.30** Fotbolls-VM **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Det kungliga bröllopet **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Det kungliga bröllopet **18.30** Festföreställning Konserthuset **20.10** Vimmel i Grünewaldsalen **21.00** Fotbolls-VM. Höjdpunkter **21.45** Five Days **22.50** Sverige! **23.20** Taking Lives




## MORGUNMATURINN



*„Ég fæ mér ab-mjólk með múslí. Stundum breyti ég til og fæ mér ristað brauð með smjöri og osti.“*

Silja Hrund Einarsdóttir, eigandi fatamerkisins SHE.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** létu, **6.** kringum, **8.** flan, **9.** sefa, **11.** í röð, **12.** kortabók, **14.** dútla, **16.** hef leyfi, **17.** stígandi, **18.** ari, **20.** grískur bókstafur, **21.** land í asíu.

**LÓÐRÉTT**
**1.** barrtré, **3.** tímabil, **4.** flutningaskip, **5.** suss, **7.** andmæli, **10.** fæða, **13.** for, **15.** heimsálfu, **16.** grús, **19.** skst.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** **2.** gáfu, **6.** um, **8.** ras, **9.** róa, **11.** rs, **12.** atlas, **14.** bauka, **16.** má, **17.** rís, **18.** örn, **20.** pí, **21.** laos.
**LÓÐRÉTT:** **1.** fura, **3.** ár, **4.** farskip, **5.** uss, **7.** móðbára, **10.** ala, **13.** aur, **15.** asíu, **16.** mól, **19.** no.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á blaðsíðu 8

1. Setja upp leikvöll
2. Ívar Björnsson
3. Gunni og Felix






# Bjartmar Þórðar leikur spilltan lækni

„Þetta er einstaklega skemmtilegt handrit. Ég leik spilltan yfirlækni á spítalanum í bænum. Í samstarfi við konu í bæjarstjórn vill hann rífa leikhúsið niður og byggja lúxus sjúkrahótel. Þeir sem starfa með leikfélaginu eru ekki sáttir við það plan. Þar af leiðandi verður mikið drama, gleði og glens,“ segir Bjartmar Þórðarson leikari.

Hrunið hefur farið illa með kvikmyndabransann en fólk er engu að síður enn þá að framleiða kvikmyndir. Bjartmar er um þessar mundir að undirbúa sig fyrir tökur á kvikmyndinni L7 - Hrafnar, Sóleyjar og Myrra sem byrja seinna í sumar. Myndin er fjölskyldusaga og fjallar hún um unga stelpu úr Hafnarfirði, sem hefur nýlega misst föður sinn. Í kjölfarið leitar hún sáluhjálpar í starfi með leikfélagi bæjarins. Hún flýr erfiðar aðstæður heimilisins með því að fara að vinna með miðaldra og gömlu fólki í leikfélaginu.

Eyrún Ósk Jónsdóttir og Helgi Sverrisson eru bæði handritshöfundar og leikstjórar sögunnar. „Það er líka mjög skemmtilegt að segja frá því að þetta handrit verður bæði bíómyndarhandrit og skáldsaga,“ segir Bjartmar, sem hefur í nægu að snúast í sumar. **- ls**



**SPILLTUR LÆKNIR** Bjartmar er um þessar mundir í upptökum á nýrri kvikmynd þar sem hann leikur spilltan lækni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**SITUR FYRIR** Útvarpskonan Margrét Erla Maack situr fyrir á bókarkápu sem Ólöf Erla Einarsdóttir mun hanna fyrir bókaflokkinn Creature Court. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ÓLÖF ERLA EINARSDÓTTIR: HANNAR BÓKARKÁPUR FYRIR CREATURE COURT

# Magga Maack á kápunni í tveimur heimsálfum

„Myndir eftir mig hafa áður birst í erlendum bókum og tímaritum og ég geri ráð fyrir því að bókaútgáfan hafi fundið mig annað hvort í gegnum það eða heimasíðuna mína,“ segir grafíski hönnuðurinn Ólöf Erla Einarsdóttir, sem mun hanna kápur þriggja bóka í bókaflokknum Creature Court.

Bækurnar verða gefnar út bæði í Bandaríkjunum og í Ástralíu. Ólöf Erla viðurkennir að henni hafi þótt tilboðið spennandi og því ákvað hún að slá til.

Fyrsta bókin í bókaflokknum kom út í febrúar síðastliðnum og kemur önnur bókin út nú í haust, en útvarpskonan Margrét Erla Maack mun prýða forsíðu hennar. „Þegar þau lýstu næstu bók fyrir mér, innihaldi hennar og persónum þá sá ég strax Margréti Erlu fyrir mér. Ég spurði hana hvort hún væri til í að sitja fyrir og henni fannst það ekkert mál,“ útskýrir Ólöf Erla, en báðar starfa þær hjá Ríkisútvarpinu. Ólöf Erla myndar viðföng sín sjálf og vinnur ljósmyndina því næst í Photoshop og verður lokaútkoman oftar en ekki ævintýralega falleg. „Ég er ekki mikið menntuð í ljósmyndun en ég get galdrað ýmislegt með Photoshop og á til dæmis eftir að gera allan kjólinn hennar Margrétar Erlu í því forriti. Ég mun bæta í hann efni, litum og gera hann íburðameiri en hann hefði annars verið.“

> „Mér finnst þetta mjög skemmtileg tilhugsun, sérstaklega af því að ég á vini í Ástralíu og hlakka mikið til að geta sagt þeim frá þessu.“
>
> **MARGRÉT ERLA MAACK**

Þetta ku ekki vera í fyrsta sinn sem þær stöllur vinna saman því Margrét Erla hefur áður setið fyrir á myndum Ólafar. Aðspurð segist Margrét Erla mjög spennt fyrir verkefninu og hyggst hún panta sér eintak af bókinni þegar hún kemur út. „Mér finnst þetta mjög skemmtileg tilhugsun, sérstaklega af því að ég á vini í Ástralíu og hlakka mikið til að geta sagt þeim frá þessu. Ég mun svo að sjálfsögðu panta mér eitt eintak líka og geyma það fyrir barnbörnin, enda skemmtileg saga að segja,“ segir útvarpskonan kampakát.

Hægt er að skoða verk Ólafar Erlu á síðunni www.oloferla.com.

**sara@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikkonan **Tinna Hrafnsdóttir** er með mörg járn í eldinum þessa dagana. Hún undirbýr nú sjálfstæða leiksýningu og hefur tekið að sér framleiðslustarf á Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík. Starfið felur meðal annars í sér skipulagningu hinna ýmsu viðburða í tengslum við hátíðina. Tinna hefur vakið athygli fyrir hin ýmsu hlutverk, nú síðast í sjónvarpsþættinum Hamrinum, en hún var tilnefnd til Edduverðlauna fyrir þá frammistöðu.



Lokaþáttur Steindans okkar verður á Stöð 2 í kvöld. Þátturinn verður stranglega bannaður börnum og með rauðu merki í horninu sem þýðir að börn undir 16 ára þurfa sérstakt leyfi frá foreldrum til þess að fá að horfa. Þátturinn ku vera afar grófur og innihalda atriði sem þeir félagar **Steindi** og Bent, sem eru á bak við þáttinn, fengu ekki að sýna í upphafi. Steindinn okkar hefur hins vegar slegið rækilega í gegn og þeir þrjóskuðust í toppinum á Stöð 2 til að fá að sýna atriðin.



Steindi hefur fengið ýmis fræg nöfn til að fara með hlutverk í þáttunum. Eftirminnilegt var þegar Páll Óskar og Jói Fel slógust og ástríða Sigga Hall var einn af hápunktum þáttarins. Þekktu andlitin verða á sínum stað í grófa þættinum; **Sigmar Guðmundsson** úr Kastljósinu er væntanlegur í kvöld ásamt útvarpsstjóranum Einari Bárðarsyni. **- afb**



# Yrsa sögð ein af arftökum Larssons

„Í þessu rosalega bókaflóði finnst mér mikil ánægja að fá að stinga höfðinu aðeins upp úr, þótt það sé ekki meira,“ segir rithöfundurinn Yrsa Sigurðardóttir.

Yrsa er á meðal þeirra höfunda sem bandarískir lesendur munu fylgjast með á næstunni, úr því að fleiri verka er ekki að vænta úr smiðju Stiegs Larsson. Hann lést sem kunnugt er árið 2004. Þetta kemur fram í forsíðugrein dagblaðsins New York Times á miðvikudag Í greininni er fjallað um mikla velgengni þríleiks Larssons um Mikael Blomkvist og Lisbeth Salander og sagt að útgefendur og lesendur leiti nú að arftökum Larssons í hópi norrænna höfunda. Þar er Yrsa nefnd sem hugsanlegur kyndilberi, ásamt Henning Mankell, Karin Fossum, Jo Nesbo og Kjell Eriksson.

Yrsa er ánægð með umfjöllunina en segir annað mál hverju hún skili. En er hún aðdáandi Stiegs Larsson? „Mér finnst hann mjög skemmtilegur,“ segir hún og bætir við að karakterinn Lisbeth Salander höfði sérstaklega vel til Íslendinga í dag. Yrsa er einnig nefnd í nýrri ævisögu Larssons, Man Who Left Too Soon, þegar höfundurinn Barry Forshaw veltir fyrir sér hvaða norrænu muni taka við keflinu frá Larsson.

> **27** milljón eintök af bókum Larssons hafa selst í yfir 40 löndum.
>
> HEIMILD: THE ECONOMIST

Yrsa er um þessar mundir upptekin við að skrifa nýja skáldsögu sem hún segir vera hrollvekju. „Mig langaði í tilbreytingu, ég virðist hafa þol fyrir fimm bókum í einu,“ segir hún. „Ég skrifaði fimm barnabækur, fimm glæpasögur og nú ætla ég að skrifa draugasögu.“ **- afb**



**HROLLVEKJA NÆST** Yrsa er að skrifa skáldsögu um þessar mundir en hún verður ekki glæpasaga.






# LAGERHREINSUN

# 30% - 70% AFSLÁTTUR

**Stillanleg rúm**
**Heilsudýnur**
**Hvíldarstólar**
**Lyftistólar**
**Tungusófar**
í áklæði með hvíldarstól í enda
**Leðurhornsófar**
með tveimur hvíldarstólum í enda
**Kommóður**
**Náttborð**

**Speglar**
**Gestarúm**
**Rúmgaflar**
**Yfirdýnur**
**Dúnsængur**
**Heilsukoddar**
**Rúmteppi**
**Svefnsófar**
**Lampar**
**Púðar**

## Fyrstur kemur fyrstur fær!

**Lagerhreinsunin stendur einungis 5 daga**

**Opnunartími lagersölu:**
Virka daga milli kl. 10 og 18
Laugardag milli kl. 11 og 16
Sunnudag milli kl. 13 og 16

**Komdu og gerðu frábær kaup**
**Hágæða vörur á verði sem ekki hefur sést áður**

VISION Serta PASSION

**Lagerhreinsunin er í Hlíðasmára 1, þar sem Prodomo var áður til húsa.**
Við hliðina á Krossinum, beint fyrir ofan Smáralindina

LÚR
BETRI HVÍLD

**LÚR - BETRI HVÍLD** • HLÍÐASMÁRA 1 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 554 6969 • FAX 554 3100 • WWW.LUR.IS • LUR@LUR.IS

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Pósthúsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



RÓMEÓ OG JÚLÍA
Vesturport
Takmarkaður sýningafjöldi
Miðasala er hafin!
Borgarleikhúsið


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Dorrit og Jónína



Margir voru saman komnir í blíðviðrinu á Austurvelli í gærmorgun enda 17. júní runninn upp bjartur, hlýr og fagur. Að vanda hófst dagskrá þjóðhátíðardagsins í kirkjugarðinum við Suðurgötu þar sem blómsveigur var lagður á leiði Jóns Sigurðssonar. Þaðan var gengið fylktu liði undir lúðrablæstri sem leið lá niður í Dómkirkju. Að lokinni messu hélt svo prósessía fyrirmenna úr kirkjunni og inn á Austurvöll. Þar fóru fremstar eiginkonur forseta og forsætisráðherra, þær Dorrit Moussaief og Jónína Leósdóttir.



### Steindinn og Ragga Gísla

Lokaþáttur Steindans okkar verður sýndur á Stöð 2 í kvöld, eins og kemur fram annars staðar í blaðinu. Steindi, Bent og hjálparkokkurinn Diddi Fel voru í óðaönn að taka upp lokaatriðið um títuleytið í gærkvöldi í fréttastúdíói Stöðvar 2. Steindi hljóp þar um ber að ofan fyrir framan „greenscreen" fréttastofunnar. Asinn á drengjunum var ansi mikill enda áttu þeir eftir að taka upp atriðið og klippa þáttinn áður en hann verður sendur út í kvöld. Um er að ræða tónlistaratriði þar sem Steindinn syngur dúett með Ragnhildi Gísladóttur sem söng eitt sinn með Stuðmönnum og Grýlunum. Kannski er annar smellur á leiðinni frá Steinda, en lagið Geðveikt fínn gaur, sem hann syngur með Ásgeiri Orra Ásgeirssyni úr Grínlandsþáttunum, nýtur gríðarlegra vinsælda um þessar mundir.



## Mest lesið VÍSIR.IS

1. Júlli í Draumnum segist ekki selja fíkniefni
2. Þorum ekki einu sinni sjálf að ferðast
3. Varar við manni sem sníkir bensín út úr fólki
4. Lá fastur undir bílnum eftir veltu
5. Hillary Clinton: Til hamingju með daginn Íslendingar - myndband


Vesturport
RÓMEÓ OG JÚLÍA
Tryggðu þér miða á eina af rómuðustu sýningum Vesturports
Takmarkaður sýningafjöldi
Miðasala er hafin!
Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is
Borgarleikhúsið

STÓRÚTSALAN HEFST Í DAG
Regatta GREAT OUTDOORS™
50-80% AFSL.
DARE 2b
CRAGHOPPERS
OPIÐ
VIRKA DAGA 11 – 18
LAUGARD. 11 – 16
SUNNUD. 13 – 16
ÚTIVIST & SPORT 15 ÁRA
verslun heildverslun
Faxafen 12 S. 533-1550.